



Flugmálastjórn Íslands

Flugslysæfing



Reykjavík 2004

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangur	5
Kafl 1 – Undirbúningsvinna æfingarinnar	6
Kafl 2 – Þátttaka í æfingunni	8
Kafl 3 – Almennt um framgang æfingarinnar	9
Kafl 4 – Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta	11
Kafl 5 – Vettvangsmál	23
• Leikarar/sjálfbóðaliðar → Vigdís Agnarsdóttir	25
• Vettvangsstjórn → Ágúst Svansson – Rögnvaldur Ólafsson	27
• Leit og Björgun – Flutningar – Vettvangsstjórn → Jón Friðrik Jóhannsson – Árni Ómar Árnason	28
• Sjúkrahjálp á vettvangi og heilbrigðisþjónusta → Bára Benediktsdóttir – Gyða Baldursdóttir – Guðbjörg Pálsdóttir – Jón Baldursson	30
• Gæslustjóri → Ágúst Svansson – Rögnvaldur Ólafsson	32
• Björgun á skaðasvæði, vinna á SSS → Atli Már Markússon	33
• Starfsmenn flugvallar og flugvallarstjóri → Sigurður Ólafur Sigurðsson – Árni Birgisson	34
Kafl 6 – Aðgerðarstjórn	37
• Aðgerðarstjórn → Víðir Reynisson	39
• Áfallahjálp/salgæsla → Margrét Blöndal – Jóhann Thoroddsen – Carlos Ferrer	41
• Rauði kross Íslands → Herdís Sigurjónsdóttir – Jóhann Thoroddsen	44
• Skráning → Ágúst Svansson – Rögnvaldur Ólafsson	49
• Fjölmiðlar → Heimir Már Pétursson	50
• Fjarskipti → Jónína Sigurðardóttir	51
Kafl 7 – Skýrslur lausnaraðila	53
• Vettvangsstjóri → Bogi Sigvaldason	55
• Aðhlyningarstjóri → Ellen Björnsdóttir	56
• Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins → Birgir Finnsson	57
• Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík → Ottó Eðvarð Guðjónsson	62
• Slysavarnafélagið Landsbjörg → Gísli R. Ólafsson	64
• Aðgerðarstjóri → Karl Steinar Valsson	66
• Flugturn → Aðalsteinn Leifsson	67
• Rannsókn → Þormóður Þormóðsson	68
• Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð → Gyða Árný Helgadóttir	69
Viðaukar	71
• Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason	73
• Sambandslisti vegna æfingarinnar	78

Inngangsorð

Dagana 23.-26. september 2004 var haldin flugslysaæfingin Reykjavík 2004. Æfingin var ein af fjölmörgum æfingum sem Flugmálastjórn í samvinnu við ýmsa hefur haldið á flestum áætlunarflugvöllum landsins undanfarin ár. Að æfingunni kom að venju svonefndur ráðgjafahópur sem samanstendur af sérfræðingum í flestum greinum björgunargeirans.

Eitt af markmiðum æfingarinnar var að prufukeyra ný drög að flugslysaáætlun fyrir Reykjavíkflugvöll og þar með að reyna á samstarf og skipulagningu þeirra aðila sem að henni koma. Sá lærdómur sem draga má af æfingunni og útlistaður er í þessari skýrslu nýtist til endurskoðunar og uppfærslu á flugslysaáætluninni. Jafnframt nýtist lærdómurinn vonandi hverri og einni viðbragðseiningu sem veganesti inn í framtíðina og gerir gott betra.

Æfing af þessari stærðargráðu kallar á mikla vinnu bæði af hálfu ráðgjafahópsins og lausnaraðila. Hundruðir, ef ekki þúsundir, vinnustunda liggja að baki og hleypur beinn og óbeinn kostnaður á milljónum króna. Þegar svo mikið er lagt undir er mikilvægt að vel takist til. Segja má að mikilvægasti hluti æfingarinnar hefjist með þessari skýrslu. Í henni koma ráðgjafarnir með sínar tillögur að endurbótum og einnig einhverjir úr röðum lausnaraðila.

Reynt hefur verið að einfalda skýrsluna frá fyrri æfingum með það að markmiði að gera hana auðlesanlegri og gegnsærri og betur til þess fallna að gegna hlutverki sínu. Þ.e. að bæta öryggi á Reykjavíkflugvelli og að vera leiðarvísir til áframhaldandi umbóta í neyðarmálum á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Kaflí 1

Undirbúningsvinna æfingarinnar

Undirbúnungur fyrir æfinguna hófst í byrjun júní með kynningarfundu fyrir fulltrúa viðbragðsaðila sem hafa hlutverk í flugslysaáætlun Reykjavíkurflugvallar. Þar voru aðilar beðnir um að tilnefna einn tengilið frá hverri viðbragðseiningu til að koma mætti á framfæri upplýsingum og efni tengdu æfingunni. Vinna við undirbúnung fór hægt af stað hjá flestum aðilum enda sumarfrí í hámarki. Þann 6. september var svo haldinn stór opinn fræðslufundur þar sem farið var yfir flugslysaáætlunina og helstu atriði varðandi undirbúnung og framkvæmd æfingarinnar. Í kjölfar hans fór vinnan í gang af fullum krafti og er óhætt að segja að langflestir hafi unnið afar mikla og góða forvinnu síðustu vikunnar fyrir æfingu. Innan langflestra viðbragðseininga fór fram einhver fræðsla og annar undirbúnungur, bæði af hálfu lausnaraðila og ráðgjafa. Einnig var haldið vettvangsstjórnarnámskeið í tengslum við æfinguna.

Áður hefur verið minnst á vinnu hins svokallaða ráðgjafahóps en þessi æfing hafði þá sérstöðu umfram fyrri æfingar að í flestum tilfellum voru ráðgjafarnir einnig starfsmenn viðbragðseininga á höfuðborgarsvæðinu og þar af leiðandi að vissu leyti beggja vegna borðsins. Flestir ráðgjafarnir tóku þó þann pól í hæðina að halda sér utan lausnarþáttarins eins og kostur var og viðkomandi starfsaðilar skipuðu annan aðila innan sinna raða sem tengilið lausnarhlutans. Var þessi ákvörðun tvímælalaust af hinu góða bæði vegna þess að auðveldara varð fyrir ráðgjafana að sinna sínu hlutverki sem ráðgjafar og eftirlitsmenn á æfingunni og ekki síður til að þjálfa aðra innan þeirra starfseininga í þeim hlutverkum sem ráðgjafarnir myndu að öllu jöfnu sinna ef til alvörunnar kæmi.

Samhliða undirbúnungi fyrir æfinguna var unnið að uppfærslu flugslysaáætlunarinnar. Helder hægt gekk að fá athugasemdir og tillögur þar að lútandi og eflaust hafa ekki allir haft tækifæri á að kynna sér hana þrátt fyrir að hún hafi verið send ítrekað til allra tengiliða lausnaraðila. Einni til tveimur vikum fyrir æfinguna fór þó boltinn að rúlla og var áætlunin uppfærð nær daglega fram að æfingu.

Til að einfalda upplýsingaflæði og reyna að ná til sem flestra var sett upp vefsíða á www.flugmalastjorn.is þar sem hægt var að nálgast allar helstu upplýsingar varðandi æfinguna. Mæltist sú nýbreytni vel fyrir og væntanlega verður sami háttur hafður á fyrir komandi æfingar.

Vikuna fyrir æfingu var annríki hjá flestum starfsaðilum og þessir seinustu dagar nýttir til lokaundirbúnings. Æfingin var svo sett fimmtudaginn 23. september.

Dagskrá

Kl.	Fimmtudagur 23. sept	Föstudagur 24. september	Laugardagur 25. september	Sunnudagur 26. sept			
08:00 - 09:00	Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!	Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!	Vinna hópa og verkþátta	Rýnifundur Hótel Loftleiðum			
09:00 - 10:00							
10:00 - 11:00							
11:00 - 12:00							
12:00 - 13:00							
13:00 - 14:00							
14:00 - 15:00							
15:00 - 16:00							
16:00 - 17:00							
17:00 - 18:00							
18:00 - 19:00					Setning flugvallarslökkvistöð	Matur	Matur
19:00 - 20:00					Aðgerðarstjórn Skrifborðsæfing Staðs:Skógarhlíð	Undirbúningur starfseininga ef það hentar!!!	Æfing
20:00 - 21:00						Vettvangsstjórn og verkþáttastjórn Skrifborðsæfing Staðs: Flugvallarslökkvistöð	
21:00 - 22:00					Vinna hópa og verkþátta	Matur	Viðrunarfundir starfseininga
22:00 - 23:00	Frágangur						
			Vinnufundur hópa og verkþátta				
			Ráðgjafar vinna skýrslu				
		Stöðufundur Hótel Loftleiðum					

Kaflí 2

Þátttaka í æfingunni

Það gefur auga leið að í æfingu sem þessari tekur þátt gríðarlegur fjöldi fólks, bæði við það að búa til vandann og að leysa hann. Í sumum tilfellum er þátttökufjöldinn þekkt stærð en í öðrum tilfellum er erfiðara að meta nákvæmlega þann fjölda sem þátt tók.

Lausnarþáttur

Aðgerðarstjórn	25
Flugmálastjórn	16
Landspítali Háskólasjúkrahús	200
Lögreglan í Reykjavík	27
Lögreglan í Hafnarfirði	1
Lögreglan í Kópavogi	1
Björgunarsveitir	106
Svæðisstjórn Björgunarsveita	5
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	34
Rannsóknarnefnd flugslysa	1
Rauði krossinn	20
Samhæfingarstöð	16
Flugfélag Íslands	3
Kirkjan	13
Samtals	468

Bakskipulag

Ráðgjafar	26
Leikarar	121
Umsjón leikara	10
Samtals	157

Heildarfjöldi þátttakenda	625
----------------------------------	------------

Kaflí 3.

Almennt um framgang æfingarinnar.

Til stóð að hefja æfinguna strax kl.12.00 á hádegi. Smávægilegar tafir urðu þó vegna flugtaks vélar á braut 19. Um kl. 12.18 voru eldar kveiktir. Beðið var í u.þ.b. 3 mínútur með að boða til að góður hiti næðist í eldinn. Turn boðaði Æfing-flugslys kl.12:20:50 og komust boðin til skila til allra aðila, slökkviliðs á flugvelli, Neyðarlínu og

fjarskiptamiðstöð lögreglu. Notað var Tetra boðunarkerfi sem var á tilraunastigi og gaf það ágæta raun.

Slysavettvangurinn var að sunnan brautarenda 31 og austan akbrautar Alfa.

Var hann að mestu innan flugvallarsvæðis en náði þó hluti hans nokkru austar, áleiðis upp í Öskjuhlíð.

Var slysstaður samansettur af nokkrum bílflökum fólksbíla, lítilli rútu, strætisvagni og flugvélaskrokk ásamt ýmsum smærri hlutum. Verkefni skiptust þannig að á tveimur stöðum loguðu eldar sem þurfti að slökkva, á tveimur stöðum þurfti að klippa sjúklinga úr bílflökum og á 2 stöðum voru önnur stór blönduð verkefni. Smærri verkefni var svo að finna á víð og dreif um svæðið.

Ein af forsendum æfingarinnar var sú að allir vissu allt. Þ.e. áhersla var lögð á það að þátttakendur kæmu vel undirbúnir til leiks fremur en að reynt væri að koma á óvart á einhvern hátt. Þannig er leitast við að nýta sem best undirbúningstímann og æfinguna sjálfa sem samfellda þjálfun sem miðar að því að samþætta vinnu allra viðbragðsaðila samkvæmt flugslysaáætluninni. Einnig var gengið út frá því að framgangur æfingarinnar væri á “gönguhraða” þannig að betri tími gæfist til ákvarðanatöku og til að leiðrétta hugsanleg mistök.

Þegar litið er á heildarmyndina geta flestir verið sammála um að framkvæmd og úrlausn æfingarinnar hafi gengið með ágætum þó að nokkrir hnökrar hafi verið á. Ekki verður fjölyrt um gang æfingarinnar frekar í þessum inngangi en vísað í skýrslur ráðgjafa og annarra hér á eftir.

Hér að neðan er að finna tímasetningu helstu atburða.

12:20:40	Boðun leyfð (slys)
12:20:50	Neyðarboð berast úr turni
12:21:19	Flugvallarslökkvilið úr húsi
12:23:00	Slökkvistörf hefjast
12:25:25	Fyrsti lögreglubíll á vettvang
12:25:58	Lögregluvakt í aksturshlíð við slökkvistöð

“Flugslysið”

Flugvél af gerðinni Boeing 737 með u.þ.b. 90 farþega innanborðs var í flugtaki í austurátt á braut 31/13 (austur-vestur brautin) þegar henni hlekkist á og hún hrapaði til jarðar nærri austur enda brautarinnar. Vélin brotnaði í nokkra hluta og dreifðist um allstórt svæði innan og utan flugvallarsvæðisins allt upp í hlíðar Öskjuhlíðar. Eldar loguðu og slasaðir lágu vítt og breitt um svæðið.

Skipting fórnarlamba var sem hér segir:

Látinir 20
Rauðir 24
Gulir 23
Grænir 23

Verkefni innan slysstaðar voru sem hér segir:

2 staðir með eldum
2 staðir fyrir klippivinnu
2 staðir fyrir aðra björgunarvinnu

12:27:00	Stjórnst.bíll á staðinn
12:38	Fjöldahjálparstjórn RKÍ tekur til starfa
12:24:50	Fyrsta slökkvilið utan vallar kemur á staðinn
12:29:00	Fyrsti björgunarsveitabíll á vettvang
12:29:20	Ytri lokun komið á
12:39	Vettvangsstjóri tekur til starfa
12:40	Greiningarsveit fer frá LSH
12:46	Eldar slökktir
12:30	Hjálparsími RKÍ settur upp
13:06	RNF mætir á vettvang
12:48	Uppsetning á SSS lokið
12:58	Fyrsti sjúklingur fluttur frá slysstað
13:03	Fyrsti sjúklingur kemur á SSS
13:06	SSA uppsett
13:15	Fjöldahjálpastöð opnuð
13:33	Síðasti sjúklingur fluttur frá slysstað
14:05	Fyrsti sjúklingur kemur á LSH
14:45	Öllum störfum (nema rannsókn og talning) lokið á vettvangi
15:30	Síðasti sjúklingur fluttur frá SSS
16:30	Aðgerðum lokið

Kafla 4.

Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta

Í kafla 5 og 6 er að finna skýrslur frá helstu starfshópum sem unnu að undirbúningi og framkvæmd æfingarinnar og eru þær skýrslur unnar af fulltrúum ráðgjafahópsins. Í kafla 7 er að finna skýrslur frá lausnaraðilum æfingarinnar. Í viðauka skýrslunnar er að finna fundargerð rýnifundar sem haldinn var í kjölfar æfingarinnar ásamt nafnalista yfir flesta þá sem gegndu hlutverki tengiliða við undirbúning æfingarinnar.

Rétt er að menn hafi það í huga að þegar dregin er lærdómur af æfingum skiptir mjög miklu máli að menn geri sér grein fyrir því á hverju lærdómurinn (góður eða slæmur) byggist. Er það vegna æfingarlegs atriðis, sem ekki myndi gerast í raunveruleikanum dæmi: sjúklingur sýndi ekki rétt einkenni við tilteknum áverka; eða eru þau framkvæmdarlegum / raunverulegum toga, sem allt eins gæti gerst í raunveruleikanum, dæmi: fjarskipti frá vettvangsstjóra til söfnunarsvæðis slasaðra voru ófullnægjandi. Það er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum atriðum þegar menn hyggjast nýta lærdóminn til frekari vinnslu, svo sem við gerð eða endurskoðun flugslysaáætlunar eða verkskipulags einstakra starfseininga.

Helstu athugasemdir og/eða tillögur til úrbóta:

Þessar athugasemdir og/eða tillögur til úrbóta eru dregnar úr skýrslum ráðgjafa og lausnaraðila (sjá kafla 5, 6 og 7). Hér eru eingöngu atriði sem eru úrlausnarlegs eðlis. Atriði sem eru æfingalegs eðlis eru að finna í skýrslum í köflum 5 og 7.

Nafn/eining	Atriði sem betur máttu fara og tillögur til úrbóta
Ráðgjafar: Ágúst Svansson LR Rögnvaldur Ólafsson RLS Vettvangsstjórn	Gekk illa að ná sambandi við Björgunarstjóra og Aðhlyningarstjóra. Vettvangsstjórn hefði mátt fylgja betur eftir í upphafi sýnum úrbótum og leysa þessi mál varanlega strax í upphafi. Stöðufundur ekki haldnir vegna anna, tillögur að úrbótum ekki borð leggjandi. Þess ber að geta að mikið álag var á VS frá AS. Fjarskiptabúnað þarf að bæta m.t.t. hávaðamengunar. Menn þurfa að hafa fjarskiptin í höfuðtölum þannig að fjarskiptaglamur verði ekki auka áreyti á vettvangsstjórnina.
Ráðgjafar: Jón Friðrik Jóhannsson SHS Árni Ómar Árnason SHS Leit og Björgun Flutningar Vettvangsstjórn.	Fjarskipti: Mikið álag í upphafi á rás verkþáttarstjóra þar sem þeir komu eiginlega allir inn á sama tíma. Úrbætur: Fengust fljótlegra þar sem NL hafði gefið út að allir sem voru á leið í útkallið frá okkur ætti að vera á þeirri rás en var leiðrétt fljótlegra. Einhver misbrestur á upplýsingaflæði til NL. Fjarskipti: Verkþáttastjórar/björgunarsveitir. Úrbætur: Verkþáttastjórar sem vinna með björgunarsveitum þurfa fjarskiptamann sér við hlið til að auðvelda samskipti við björgunarsveitarhópa. Frumgreining: Spurning hvort nota eigi spjöldin á vettvangi eða borða með litum. Raungeta: Erfitt að gera sér grein fyrir raungetu SHS þegar ekki er kallað út varalið. Skírir að einhverju leyti þær tafir sem urðu á flutning slasaðra frá slyssað. Úrbætur: Kalla út varalið. Vettvangsstjórn: Of mikil áhersla á samskipti við Aðgerðarstjórn og upplýsingagjöf til þeirra á fyrstu mínútum. Úrbætur: Gerast held ég af sjálfu sér í raunveruleikanum þar sem AS er ekki orðin virk eins fljótt og í æfingunni. Það tekur alltaf tíma að virkja og skipuleggja skilvirka vettvangsstjórn og ekki hægt að reikna með henni á fyrstu mínútum. Slökkvistörf: Notkun reykköfunartækja engin í byrjun.

<p>Ráðgjafar: Bára Benediktsdóttir Gyða Baldursdóttir Guðbjörg Pálsdóttir Jón Baldursson Sjúkrahjálpar á vettvangi Heilbrigðisþjónusta</p>	<p>Úrbætur: Hamra á nauðsyn þess að menn fari eftir reglum.</p> <ol style="list-style-type: none"> Nokkurn tíma tók að koma af stað flutningum, fyrst af slysstað inn á söfnunarsvæði og síðan þaðan inn á sjúkrahús. Bent hefur verið á, að þessi vandi sé að mestu leyti æfingalegs eðlis og að öðruvísi yrði staðið að aðgerðum í raunveruleika. Til að tryggja það væri rétt að skrifa inn í hópslysaáætlun sjúkraflutninga hvernig það skuli gert. T.d. myndi muna miklu ef aðeins örfáar áhafnir færu af stað með flutningana strax í byrjun aðgerðarinnar því vegalengdir innan vettvangsins og frá honum til sjúkrahúsanna eru stuttar í þessu tilfalli. Til greina kemur við þær aðstæður, að flytja strax af slysstað og beint á sjúkrahús þá, sem fá 1. forgang við bráðaflokkun, en taka við sjúklingum í 2 og 3. forgangshópi á SSS. Tryggja þarf örugg og greið fjarskipti milli þeirra aðila, sem stýra flæði sjúklinganna. T.d. mætti hafa fámennan talhóp þar sem móttökusjúkrahús og aðgerðastjórnin gætu haft beint samband. Einnig þurfa þessir aðilar að hafa öruggt samband við fulltrúa heilbrigðisþjónustu í samhæfingarstöð og við lykilaðila sjúkrahjálpar á vettvanginum. Skráningu á vettvangi þarf að leggja að mestu niður og leggja í staðinn áherslu talningu: Telja þarf strax og gefa upp tölur úr bráðaflokkun og á það að geta gerst á tiltölulega skömmum tíma eftir útkall. Telja þarf reglulega stöðu sjúklinga á SSS og gefa upp hve margir bíða þar flutnings í hverjum forgangshópi og hvert þeim er ætlað að fara. Setja má sérstakan starfsmann í þetta hlutverk og gera talningu með reglubundnu millibili og gefa upp til áðurnefndra aðila. Það kemur í veg fyrir óþarfa áreiti og spurningar til aðhlyningarstjóra. Við brottför út af svæðinu er hægt að safna saman afrifum af greiningaspjöldum og merkja inn á þær tíma brottfarar. Vettvangsstjóri getur síðan látið safna þessum miðum saman reglulega og ætti það að nægja sem skráning af vettvangi. Skilgreina þarf hlutverk aðstoðarmanna verkþáttastjóra. Ekki er nægilegt að útvega þeim einungis “fjarskiptamenn”. Viðkomandi þurfa að hafa meira til brunns að bera og geta veitt verkþáttastjóranum raunverulega aðstoð í krafti sinnar þjálfunar og reynslu.
<p>Ráðgjafar: Ágúst Svansson LR Rögnvaldur Ólafsson RLS Gæslustjóri</p>	<p>Gæslustjóri náði ekki sambandi um fjarskipti við Björgunarstjóra en var leyst með því að Gæslustjóri fann Björgunarstjóra á vettvangi og ræddi við hann um lokanir og gæslu. Gæslustjóri hefði þurft að tryggja sambandsleiðir við Björgunarstjóra í framhaldinu, þegar þeir hittust.</p>
<p>Ráðgjafi Atli Már Markússon Björgun á skaðasvæði Vinna á SSS</p>	<p>Eins og svo oft áður þegar vinna á SSS er komin í gang þá hætta þeim björgunarveitamönnum sem ekki hafa sérstaklega verið munstraðir í verkefni til að standa bara og bíða eftir því að einhver segi þeim fyrir verkum. Væri hugsanlega hægt að koma í veg fyrir þetta með því að hafa einn aðila sem nokkurskonar verkstjóra yfir björgunarveitum á SSS en hann yrði þá að vinna í mjög nánu sambandi við aðhlyningarstjóra, restin sem ekki væri þörf á færi þá í önnur verkefni eða á biðsvæði hjálparliðs.</p> <p>Töluverðan tíma tók að byrja að flytja sjúklinga frá skaðasvæði inn á SSS erfitt er að segja hvað veldur í þessu tilviki en ljóst er að flutningurinn fór of seint af stað, kannski vegna þess að þær áhafnir á sjúkrabílum voru komnar út í móa að sinna slösuðum, var þá vel til fundið að og góð lausn til að fá bílana aftur í umferð að fá aukabílstjóra frá björgunarveitunum til að aka bílunum.</p>

<p>Ráðgjafar: Sigurður Ólafur Sigurðsson Árni Birgisson Starfsmenn flugvallar og flugvallarstjóri</p>	<p>Fyrir æfinguna var unninn gátlisti fyrir flugvallarstjóra. Þá vinnu þarf að halda áfram með og helst ætti flugvallarstjóri að hafa sér blað inn í áætluninni í kafla 8.</p> <p>Skilgreina þarf nánar þátt flugvallarstjóra og samskipti hans við yfirstjórn og innan stofnunar.</p> <p>Þegar starfsmenn FMS ætluðu að setja upp skilti fyrir Biðsvæði bjarga þá fannst skiltið hvergi. Olli það smá ruglingi en svo kom í ljós að aðrir hefðu þegar sett það upp. Skýra þarf í áætlun hver á að sjá um þetta.</p> <p>Fjarskipti milli gengu tæknilega vel fyrir sig en erfitt var að komast að á stjórnrásinni í þau fáu skipti sem starfsmenn FMS þurftu að komast að. Allir sem koma að þessum fjarskiptum þurfa að vanda mál sitt, forðast óþarfar málalengingar og hugsa áður en þeir tala.</p>
<p>Ráðgjafi: Víðir Reynisson Aðgerðarstjórn</p>	<p>Aðgerðarstjórnin var að starfa saman í fyrsta skipti og var það sýnilegt í upphafi. Þegar á leið slípaðist þetta til og allir komust í sýn hlutverk. Nokkuð skvaldur var í aðgerðarstjórninni en þegar tekið var á því lagaðist það, einnig er alltaf truflun af gestum.</p> <p>Búnaður stjórnstöðvarinnar var að valda vandræðum og er það atriði sem ekki verður komist fyrir nema með reglulegri notkun. Mikilvægt er að öll samskipti séu sem hljóðlegust og því þarf t.d. að fá heyrnartól á síma.</p> <p>Huga þarf að aðstöðunni í heild sinni, skipulagi, uppröðun ofl. Samskipti við Vettvangsstjórn voru ágæt en á tímabili var aðgerðarstjórn of áköf í öflun upplýsinga sem olli truflun hjá vettvangsstjórn. Vandræði urðu með fjarskipti og tók um 15. mín að koma því í lag og á meðan voru lítil samskipti við vettvang.</p> <p>Nauðsynlegt er að aðgerðarstjórnin hittist reglulega og æfi, t.d. skrifborðsæfingar og nýti vel tækifæri sem æfingar eins og þessi gefa.</p>
<p>Ráðgjafar: Margrét Blöndal Jóhann Thoroddsen Carlos Ferrer Áfallahjálpar/sálgæsla</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Samræma þarf samvinnu presta og sjálfboðaliða Rk á SSA þannig að ekki myndist annað kerfi innan skipulags verkþáttarinnar áfallahjálpar/sálgæsla. <p>Boðleiðir innan LSH</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stjórnandi samráðshóps sem var staðsettur á LSH náði illa sambandi við hópslysastjórn LSH og fulltrúa heilbrigðisþjónustunnar í aðgerðarstjórn. • Ekki gsm samband alls staðar á LSH. Vont samband sums staðar á Bráðamóttöku Hringbraut og Bm. Barnaspítala. <ul style="list-style-type: none"> ○ Lausnaraðilum þarf að vera þetta ljóst. ○ Þarf einnig að vera klárt hvort starfsfólk þarf að leggja til sína eigin síma í svona aðgerð? • Ekki lá fyrir listi um útkallshóp á geðsviði þegar stjórnandi samráðshóps bað hópslysastjórn um að fá fleiri til aðstoðar á LSH. • Ekki var ákveðið í viðbragðsferli á Bráðamóttöku barna hvenær ætti að kalla út áfallahjálparfólk. <ul style="list-style-type: none"> ○ Þarf að vera í skipulagi á hverri deild hvenær á að kalla út áfallahjálparfólk í gegnum hópslysastjórn og hver er tengiliður deildar við áfallahjálparaðila. • Áfallahjálparaðili á Bráðadeild gangi í að para saman sjúklinga og aðstandendur sem eru í SSA eða annars staðar. • Upplýsingar um þá slösuðu þegar þeir komu inn á SB Fossvogi, Bráðamóttöku LSH Hringbraut og Bráðamóttöku Barnaspítala voru illfánlegar. Þarf að vera ákveðinn ritari sem tekur niður nöfn og kemur nafnalista til stjórnanda áfallahjálparhóps á hverri starfsstöð.

	<p>Boðleiðir milli LSH , fjöldahjálparstöðvar og SSA</p> <ul style="list-style-type: none"> • LSH gekk illa að ná sambandi við þá á SSA sem höfðu upplýsingar um að standendur. <ul style="list-style-type: none"> • Samráðshópur þarf að geta verið reglulega í sambandi til að fara yfir stöðu mála. • Ef aðili í samráðshóp þarf að taka ákvörðun án samráðs við stjórnanda er mikilvægt að hann komi upplýsingum um það til stjórnanda samráðshóps sem fyrst. <p>Hlutverk Rauða kross manns í samráðshópi þarf að vera skýrara gagnvart fjöldahjálparstjóra.</p>
<p>Ráðgjafar: Herdís Sigurjónsdóttir fjöldahjálparstjóri Jóhann Thoroddsen sálræn skyndihjálparstjóri Fjöldahjálparstjóri Rauða kross Íslands/aðstandendur</p>	<p>Samskipti milli aðgerðastjórnar og fjöldahjálparstjórnar Rauða kross deildir eiga ekki TETRA stöðvar og höfðu því ekki talstöðvasamskipti við aðgerðastjórn. Ekki var beint netsamband við fulltrúa Rauða krossins í aðgerðastjórn.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Deildir kanna samhliða vinnu sinni við endurskoðun neyðarvarnarskipulags á svæðinu hvort neyðarnefnd eigi að eiga TETRA stöð(var). <input type="checkbox"/> Aðgerðastjórn ber að tryggja netsamband fulltrúa Rauða krossins í stjórninni. <p>Verkþættir á söfnunarsvæði aðstandenda Safnaðarheimili Grensáskirkju hentaði vel sem SSA og gaf það margvíslega möguleika sem nýttist vel í vinnunni, en þó hefði mátt vera klárari verkaskipting innan svæðisins.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Skipta hefði mátt betur niður verkþáttum á SSA og hlutverkum þeirra sem þar unnu sem skapast að miklu leyti vegna undirmönnunar í byrjun og gríðarlegs álags. <p>Samráðshópur um áfallahjálpar Nýr samráðshópur fulltrúa frá Rauða krossinum, heilbrigðisþjónustu og prestum um áfallahjálpar hafði ómótað hlutverk og olli ruglingi varðandi boðleiðir.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Skýra þarf hlutverk samráðshóps um áfallahjálpar og tengsl við samstarfsaðila eins og fjöldahjálpar Rauða krossins og tryggja samvinnu við stjórnanda Rauða krossins á SSA <p>Kostnaður við notkun safnaðarheimilis Grensáskirkju sem SSA Ákveðið var stuttu fyrir æfingu að kanna hvort hægt væri að nýta safnaðarheimili Grensáskirkju sem SSA þar sem húsnæðið var talið hentugt og var það auðsótt af kirkjunnar fólki. Ekki var ljóst fyrir æfingu að það kæmi til kostnaðar vegna notkunar húsnæðisins í æfingunni, sem stafar líklega af hugsanaleysi og því að deildafólkið fundaði ekki með starfsfólki Grensáskirkju, heldur fóru starfsmenn aðeins til að taka húsakynninn út notkunarlega séð. Eftir æfingu kom síðan í ljós að greiða þarf fyrir notkun húsnæðisins bæði í æfingum og einnig ef til virkjunar SSA kæmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Kanna þarf hvort hægt er að útvega húsnæði sem ekki hefur í för með sér aukakostnað. <p>Skráning á fórnarlömbum og aðstandendum Boðleiðir voru óljósar varðandi upplýsingaöflun á SSA og var á tíma komið á tvöfalt kerfi á SSA til að afla upplýsinga um fórnarlömb, þ.e. stjórnandi SSA og samráðshópur um áfallahjálpar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Skýra þarf hlutverk samráðshóps um áfallahjálpar og tengsl við samstarfsaðila eins og fjöldahjálpar Rauða krossins og tryggja samvinnu við stjórnanda Rauða krossins á SSA. <p>Það vantaði samantektarblað um aðstandendur til að auðveldara hefði verið að sjá strax hvaða aðstandendur væru á svæðinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Útbúa þarf samantektarblað til að nota á SSA sem gott væri að hafa í tvíriti <p>Skráningar/upplýsingagjöf Upplýsingar um fórnarlömb bárust seint sem olli óróa í kerfinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Mikilvægt að hafa miðlæga úrvinnslu skráningar (helst utan

	<p>héraðs) sem hægt er að leita til vegna aðstandenda sem eru að leita að upplýsingum um fórnarlömb bæði á söfnunarsvæði aðstandenda og í upplýsingasíma.</p> <p>Boðleiðir milli fjöldahjálpar og LSH Í neyðarvarnaáætlun er ekki búið að gera ráð fyrir tengslum milli neyðarnefndar og sjúkrahúss sem reyndi á í æfingunni, það er nauðsynlegt vegna þarfar á heilbrigðisþjónustu í fjöldahjálparstöðvar og söfnunarsvæðis aðstandenda, auk þess sem nánin tengsl og samvinna þarf að vera vegna sameiningar fjölskyldna.</p> <p><input type="checkbox"/> Móta þarf verklagsreglur varðandi heilbrigðisþjónustu á starfssvæðum fjöldahjálpar og varðandi upplýsingar um aðstandendur á SSA og slasaða á sjúkrahúsi.</p> <p>Innsláttur farþegalista Verið var að slá inn farþegalistann á mörgum stöðum (m.a. aðgerðastjórn og samhæfingarstöð) og hefði mátt samræma þá vinnu betur fyrir æfinguna til að auðvelda alla úrvinnslu.</p> <p><input type="checkbox"/> Útbúa verklagsreglur vegna úrvinnslu skráningar <input type="checkbox"/> Fá farþegalistann á Excel formi frá flugfélaginu.</p>
<p>Ráðgjafar: Ágúst Svansson LR Rögnvaldur Ólafsson RLS Skráning</p>	<p>Þrátt fyrir miklar þælingar og margar æfingar er skráningin þáttur sem alltaf misferst. Í þessari æfingu var búið að einfalda skráningarkerfið en framkvæmdin gekk ekki upp þ.e.a.s. staðsetning skráningarpósts. Til að einfalda skráningu enn frekar leggjum við til að talning þ.e. einföld hausatalning verði framkvæmd á SLY eða við inngang á SSS. Þegar aðilar fara út af SSS á sjúkrahús eða annað þá verði afrifan af greiningarspjaldinu skilin eftir við hlið út af svæðinu.</p> <p>Þannig verði einföld talning í gangi fyrir VS og AS til þess að átta sig á stöðunni fljótt og örugglega. Þar sem afrifurnar verða skildar eftir verði síðan hægt að fá nánari upplýsingar um greiningu á forgangi og hvert var farið með viðkomandi. Persónuupplýsingum verði eftir sem áður safnað á SSS og fara þær síðan notaðar til að stemma af farþegalista þegar færi gefst. Með þessu skipulagi mætti minka álag á Aðhlyningarstjóra og Vettvangsstjórn en venjulega er sífeld pressa á þessa aðila að skila inn tölum.</p>
<p>Ráðgjafi: Heimir Már Pétursson Fjölmiðlar</p>	<p>Þegar æfingin hófst kom í ljós að stjórnandi aðgerða, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, hefur ekki netfang í samræmingarmiðstöðinni, þar sem hann getur tekið á móti afriti af fréttatilkynningum. Heimir Már kunnir ekki á faxtækið á skrifstofu Flugmálastjórnar (það er í ljósrítunarsvæðinu) og því dróst úr hófi að stjórnendur aðgerða fengju afrit af fyrstu fréttatilkynningu sem send var út frá Flugmálastjórn. Koma þarf upp netfangi fyrir stjórnendur aðgerða í samræmingarmiðstöðinni, t.d.: adgerdarstjorn@samraemingarmidstod.is eða eitthvað slíkt.</p>
<p>Ráðgjafi: Jónína Sigurðardóttir Fjarskipti</p>	<p>Það að allir viðbragðsaðilar séu ekki á sama fjarskiptakerfinu gerir það að verkum að seinkun verður í vinnu á vettvangi. Því er nauðsynlegt að það verði byggt upp eitt sameiginlegt fjarskiptakerfi fyrir viðbragðsaðila. Það kom líka í ljós að hluti þeirra sem voru með talstöðvar voru að nota þær í fyrsta skipti og gekk það ekki vel fyrir sig. Þarf að vera regluleg þjálfun og fræðsla um notkun fjarskipta og meðferð þeirra fyrir þá aðila sem þurfa að vinna á slysavettvangi.</p>
<p>Lausnaraðili: Bogi Sigvaldason Vettvangsstjóri</p>	<p>Fjarskiptasamband milli björgunarsveita og verkþáttastjóra hefði mátt vera betra. Till. til úrbóta. Fyrirfram ákveðið að björgunarsveitarmenn með talstöðvar myndu fylgja verkþáttastjórum hvert fótmál.</p> <p>Miðað við fjölda slasaðra í æfingunni þá varð mikil ringulreið á SSS og mikil umferð óviðkomandi þar inni sem jók mjög á álag á SSS. Til. til úrbóta. Fyrirfram þyrfti að vera ákveðið hvernig gæslu við SSS sé háttáð og tryggt að aðhlyningarstjóri hafi yfir hæfum mannskap að ráða, þ.e. við skráningu og gæslu.</p>

	<p>Skráning slasaðra fór algerlega úr böndunum. Tillögur til úrbóta. Björgunarstjóri gefur “grófar” tölur í upphafi. Inn á SSS verði einungis talið inn fjöldi slasaðra ekki skipting í rauða, gula, græna. Þegar slösuðum er ekið frá SSS á sjúkrahús verði talningarpóstur í hliði (sem enginn á að komast framhjá), þá koma nánari tölur s.s. hvert farið var með viðkomandi sjúkling og hvort hann sé rauður gulur o.s.v frv. Aðgerðarstjórn og aðrir verða að setta sig við að fá ekki staðfestar tölur fyrr en við talningarpóst. Aðgerðarstjórn verður að vera í beinu símasambandi við aðhlyningastjóra og talningarpóst.</p>
<p>Lausnaraðili: Ellen Björnsdóttir Aðhlyningarstjóri</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fjarskiptin. Í upphafi æfingar var hægt að ná til þeirra aðila sem þurfti að ná í. En fljótlega var það erfitt og á köflum ekki hægt. Menn voru allmennt alltof málgláðir á rásinni. 2. Skráningin. Allt of flókin/tímafrek skráning sem ekki er hægt að framkvæma við þær aðstæður sem þarna sköpuðust. Þeir sjúkl. sem koma til með að flokkast rauðir/gulir geta sjálfsagt aldrei gefið upp þær upplýsingar sem sóttst var eftir þarna. Skráninguna þarf að endurskoða/einfalda til muna. Síðan krafan um að fá faxaðar eða sendar skýrslur um skráða sjúkl. tók bæði alltof mikinn tíma og olli töluverðu ónæði. 3. Flutningar frá SSS fóru allt of seint af stað, samspil læknis og aðhlyningastjóra var ekki nægilega gott. 4. Vistir bárust ekki eins og beðið hafði verið um. 5. Getur verið erfitt að virkja fólk á SSS s.s. björgunarsveitafólk þar sem aðhlyningastjóri hafði ekki tíma til að setja sig inní kunnáttu þeirra og getu m.t.t slasaðra.
<p>Lausnaraðili: Birgir Finnsson SHS</p>	<p>Slökkvi- og björgunarstarf</p> <ul style="list-style-type: none"> - Slökkviliðsmenn verða að nýta þann hlífðarbúnað sem þeim er skaffaður, s.s. reykköfunartæki. - Einfaldar æfingar ekki síst með froðu, prófanir og annað þarf að auka á flugvelli. Jafnframt stærri æfingar um verkþætti sem SHS sinnir. - Skoða þarf hvernig hægt er að minnka fjarskiptaálag á björgunarstjóra í upphafi m.a með því að láta einingar á leið á vettvang hafa samskipti á annarri rás en notuð er á slysvæði. Móttaka bjarga er mikilvægt. - Fjarskiptaskipulag þarf að vera daglegt og stækka. Eldstaður/slystaður og upp úr. - Þegar fleiri aðilar vinna saman s.s. SHS, björgunarsveitir þarf að tryggja fjarskipti á milli t.d. með því að stjórnandi fái til sín aðstoðarmann úr röðum björgunarsveitanna sem þá sér um fjarskiptin við sína menn. - Flýta þarf uppsetningu innra biðsvæðis eins og hægt er <p>Fyrsta greining og aðhlyning á vettvangi</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fara þarf yfir hlutverkaskiptingu og skipulag við fyrstu greiningu á vettvangi og þá leggja áherslu á skilgreind hlutverk fyrstu aðila, lækna, sjúkraflutningamanna og stjórnenda SHS, nýta þekkingu og reynslu hvers og eins. - Leggja þarf skýra áherslu á stjórnunarhlutverkið, en á vettvangi sem þessum þarf afgerandi stjórnun. Það er hlutverk björgunarstjóra og þess sem hann skipar sem stjórnanda vissra þátta/svæða. - Notkun greiningaspjalda var tafsöm á vettvangi.

Einfaldara væri að nota aðrar leiðir s.s. lituð bönd við fyrstu greiningu og spjöld yrðu notuð síðar í ferlinu, t.d. á SSS.

- Fara þarf yfir nauðsyn þess að við fyrstu greiningu sé um grófa greiningu og talningu að ræða. Á æfingunni fór allt of mikið afl í talningar.
- Eftir fyrstu greiningu ætti jafnframt að reyna að tryggja að þeir sem á eftir koma fái fyrirmæli um hverjum á að sinna og hvernig. Þar þarf þó að leggja áherslu á að ekki er gert ráð fyrir miklum aðgerðum á vettvangi.
- Á flugvelli þyrfti að vera til staðar kerra með stórslysabúnaði, börum, teppum og sjúkrabúnaði.
- Tryggja þarf aðilum nauðsynlegan hlífðarfatnað til að starfa á óörugum vettvangi, en sjúkraflutningamenn hafa jafnframt slökkvigalla, en það hafa NB læknar ekki.

Söfnunarsvæði slasaðra

- Í raunveruleikanum má gera ráð fyrir því að mjög fljótt hefði verið farið í að flytja nokkra rauða sjúklinga beint á spítala án viðkomu á söfnunarsvæði, enda það svæði þá ekki tilbúið til að taka við þeim.
- Nýta þarf betur þekkingu og reynslu. Greina þarf á milli aðhlyningar og síðan uppsetningu og “rekstri” svæðisins. Yfirfara þarf þennan þátt SÁBF kerfisins og þá með það til hliðsjónar að leggja áherslu á stjórnun þeirra hlutverka sem snúa að aðhlyningu (Medical Command) og síðan stjórnun á heildarsvæðinu og samskipum við aðra.
- Aðkoma, akstur að og frá SSS á sama stað skapar ringulreið.
- Aðstaðan er ágæt, en ýmsir möguleikar eru á því að skipuleggja húsnæðið betur fyrirfram ef það á að verða framtíðarstaður SSS.
- Ganga þarf frá og skipuleggja aðkomu bráðatækna að greiningarsveit LSH.
- Ákvörðun um flutninga frá söfnunarsvæði þarf að vera skýr, hverjir eigi að fara fyrstir og skýr fyrirmæli.
- Skoða þarf heildina vettvangur (greining, aðhlyning), flutningar, SSS, flutningar LSH með tilliti til flæðisins, hvernig er getan og hvar eru flöskuhálsar sem þarf að taka á.

Stjórnun á vettvangi

- Nokkuð vantaði upp á afgerandi stjórnun, skýra og nauðsynlega ákvörðunartöku. M.a. þarf að skýra þurfi hlutverk stjórnanda og þá ekki síst þegar aðilar frá ólíkum viðbragðsaðilum eru að vinna saman s.s. flutningastjóri/aðhlyningarstjóri, vettvangsstjóri/verkbáttastjórar, stöðvarstjórar/NB-læknir.
- Vettvangsstjóri fylgdi ekki eftir verkþáttum og ýtti ekki á eftir aðgerðum sem gengu hægt, fóru of seint

af stað eða hreinlega vantaði.

- Í vettvangsstjórn voru 3 lögreglumenn, 1 björgunarsv. og 1 frá SHS.
- Vettvangsstjórn var meira þjónusta en stjórnun. Engar afgerandi ákvarðanir eða heildaryfirsýn. Vettvangsstjóri þarf að hafa þekkingu, þjálfun og reynslu af stjórnun og samhæfingu aðgerða. Ef ekki þá er spurning hvort þetta sé þá að verða óþarfa milliliður milli verkþáttastjóra og aðgerðarstjórnar.
- Verkþáttastjórnar þurfa að hafa þekkingu, þjálfun og reynslu fyrir þau verkefni sem þeir eru að fást við. Tryggja þarf að þeir nái að sinna sínu stjórnunarhlutverki og við svona stórar aðgerðir t.d. með því að þeir hafi aðstoðarmenn sem taki af þeim vissa hluti til að létta undir.

Vettvangsstjórn - aðgerðastjórn - samræmingarstöð

- Skipting aðgerðastjórnar setur fram spurningar. Ljóst að slökkviliðið sinnir stjórum hlutum framkvæmda en samt er lögreglumaður settur yfir það hlutverk. Er verið að nýta rétt þekkingu, þjálfun og reynslu?
- Aðstaða aðgerðarstjórnar þarf að vera betri og liggja betur fyrir í upphafi. Ekki má fara dýrmætur tími í að setja upp aðgerðastöð af þessu tagi.
- Allir í aðgerðastjórn þurfa að hafa þekkingu og þjálfun vegna þessara starfa. Skipuleggja þarf þjálfun fyrir þá sem eru í aðgerðastjórn og starfsmenn sem nýttir eru við störf aðgerðastjórnar.
- Vegna stjórnunarlaganna myndaðist oft óþarfa álag frá næsta stigi. Samræmingarstöð ýtir á aðgerðastjórn, aðgerðastjórn á vettvangsstjórn og vettvangsstjórn á verkþáttastjóra. Verið að leggja áherslu á hluti svo sem stöðugar talningar, talninganna vegna. Þær ættu að koma á seinni stigum.
- Við atburði sem þessa mæðir mikið á viðkomandi slökkviliði. Ef aðstoð þarf að koma utan umdæmis er það með ólíkindum að enginn fulltrúi slökkviliða skuli vera í samræmingarstöð.

Fjarskipti

- Mikið var kvartað undan því að menn kæmust ekki að í fjarskiptum þegar álag var mikið. Ekki var endilega um að ræða að fjarskipti væru í gangi á talhópnum sem viðkomandi var stilltur inn á.
- Fara þarf yfir afkastagetu Tetra kerfisins við atburði sem þessa. Ef aðeins næst samband við einn sendir getur hann aðeins þjónað þrem talhópum.
- Tryggja þarf að skilyrði samnings Tetra um að neyðarþjónusta hafi forgang fram yfir aðra notendur.
- Leggja þarf áherslu á gott fjarskiptaskipulag og fjarskiptareglur sem miða að því að hafa stutt og hnitmiðuð samskipti.
- Tryggja þarf aðgang lykilaðila að númeraskrá Tetra. T.d. þegar stöð festist inni vegna mistaka, lykklar inn

	<p>og teppir talhóp þá er hægt að sjá hver er með þá stöð. Þannig er möguleiki að hafa samband við viðkomandi á annan hátt og benda honum á að hans stöð teppi talhópinn.</p>
<p>Lausnaraðili Ottó Eðvarð Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík</p>	<p>1/ Færa tóma bíla hraðar frá SSS svo aðrir komist að Tillaga að lausn: burðarmenn SSS taka úr bílunum svo bílstjóri og aðstoðarmaður hans komist strax á slysstað aftur. Hafa því 2-3 burðamannateymi við SSS.</p> <p>2/ Ytri lokun við Nauthól var ekki og borgarar stanslaust að keyra í gegnum slysstað. Tillaga að lausn: Tala við Gæslustjóra sem sendir bíl á staðinn</p> <p>3/ FBSR fannst óhentugt að handskrifa nöfn, kennitölur, kallmerki, búnað ofl til að senda AS á faxi. Tillaga að lausn: Senda með E-mail og fá staðfestingu á honum til baka</p> <p>4/ VS bendir bj.manni að kalla á flutningsstjóra sjálfur, gallinn er að flutningsstjóri er með TETRA og bj. Með VHF. Tillaga að lausn: aðstoðarmaður flutningsstjóra er með VHF, flutningastjóri þarf aðstoðarmann á fyrstu stigum æfingarinnar</p> <p>5/ Rannsóknarparturinn er ekki að neinum hluta í áætlun FFR og eru ástæður og orsakir slyssins í hættu vegna umferðar á stöðum sem ekki þarf að hafa umferð á ofl. Tillaga að lausn: Flugmálastjórn setur sig í samband við RNF til að finna Aðferð til að vernda ákveðna hluti á frumstigum slyssins</p> <p>6/ Skyndihjálpmenn í leit og leitarmenn í skyndihjálpi Tillaga að lausn: fá nánari bakgrunnsupplýsingar um Bj. Menn áður en þeim hæfileikum sem einstaklingarnir hafa er sóað</p> <p>7/ Skyndihjálpmenn ekki teknir trúanlegir í greiningarstöð, ágreiningur Tillaga að lausn: Fræða greiningarteymi um getu bj. Mann í dag sem er orðin þokkalega mikil.</p> <p>8/ Vantar betra skipulag innan greiningarsvæðis og þá sérstaklega þegar flytja á burt þaðan Tillaga að lausn: Aðhlyningarstjóri verður að finna aðila til að dæla liði út á meðan hún sér um að taka á móti</p> <p>9/ SSS í slökkvistöðinni er þröngt rými, SSL er stórt og látnir þurfa ekki svona mikið pláss. Tillaga að lausn : víxla og fá þar með betri aðskilnað á sjúklingum og koma fleiri frumgreiningarborðum á svæðið.</p> <p>10/ Rauðir sjúklingar biðu bið hliðina á tónum sjúkrabílum sem er ekki gott Því tveir rauðir fylla bíl og skal flytja strax. Tillaga að lausn: menn verða að vera frekari á bíla og koma tveimur rauðum sem fylla einn bíl strax af stað.</p>
<p>Lausnaraðili: Gísli R. Ólafsson Slysavarnafélagið Landsbjörg SV1</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fulltrúi Svæðisstjórnar af svæði 1 er einn af þrem sem skipa vettvangsstjórn samkvæmt flugslysaáætluninni. Hann hafði hins vegar ekkert hlutverk innan vettvangsstjórnar. Á sama tíma var einn lögreglumaður sem sá bæði um áætlanir og framkvæmdir. 2. Lítið samstarf var innan VS, hver aðili notaði sína Tetrú og náðist því engin yfirsýn. Margir fóru oft í að leysa sama verkefni því sama beiðni kom frá bæði lögreglu og frá

	<p>slökkviliði um einhvern hlut. Þá fóru bæði fulltrúi lögeglu í VS og fulltrúi slökkviliðs í VS að sinna því. Með öðrum orðum, ekki nægilega skýr verkaskipting samkvæmt SÁBF og því lítið samstarf innan VS. Eini aðilinn sem vildi vinna faglega innan VS á þessari æfingu var Aðstoðarvettvangsstjóri.</p> <ol style="list-style-type: none"> 3. Engin yfirsýn yfir björgunarlið hjá VS, FS sendi beint á aðra verkþáttastjóra skv. þeirra beiðni. Þetta orsakaði vöntun í ákveðnum verkþáttum í rúma ½ klst. því sá verkþáttastjóri sem bað um mest fékk mest og þar af leiðandi aðrir ekkert eða minna. 4. Að sama skapi var björgunarliði ekki beint þangað sem þeirra sérhæfða kunnátta lá. Sérhæfðir skymenn voru sendir í gæslu og svo framvegis. 5. Vegna liðs 3 var að sama skapi ekki nægileg færsla á björgunarliði þ.e. þegar minna fór að vera í björgun hafði VS ekkert frumkvæði að því að færa yfir í AS þrátt fyrir ábendingar þar um frá SV1. 6. VS bað björgunarlið ítrekað um að hafa samband við FS, hann var með Tetra en björgunarlið með VHF. Þrátt fyrir að SV1 hafi ítrekað bent á þetta í VS var ekki tekið tillit til þessa og því þurfti SV1 að fylgjast með hvað var að gerast, stökkva framfyrir fjarskiptamann og tilkynna á VHF. Það er nauðsynlegt að með hverjum verkþáttastjóra séu aðilar sem sjái um fjarskipti á VHF og jafnvel einnig á Tetra fyrir þann aðila. SV1 er tilbúið að útvega og skipa aðila sem fjarskiptamenn verkþáttastjóra. 7. Björgunarlið ítrekað sent á slysstað án nánari leiðbeininga. Bílar keyrðu til dæmis út á flugbraut en áttu að mæta í Hlíðarfót. 8. AS gaf engan vinnufrið, álitu það greinilega hlutverk sitt að fá stanslausar upplýsingar frá VS. VS gerir þau mistök að segjast vera að vinna í málinu í stað þess að segja “Við erum uppteknir, komum með þessar upplýsingar þegar við getum” 9. Allt handskrifað í VS, þrátt fyrir að boðin hefði verið tölva og Aðgerðastjóri á skrifborðsæfingu ásamt vönum björgunarsveitarmanni til að skrá var það afþakkað. Þessi í stað handskrifaði lögreglan “allt” á skrifblokk. Þetta sýnir ekki merki um öguð vinnubrögð og teljum við í Svæðisstjórn að þar með hafi verið gert lítið úr þeirri reynslu og þekking sem við höfum áunnið okkur í að vinna eftir SÁBF og halda á fagmannlegan hátt utan um upplýsingaflæði. 10. YL gekk seint og illa m.a. vegna þess að VS hafði ekki framsýni til að útvega bjsv.menní verkefni heldur lét viðgangast að senda alla strax í önnur verkefni. 11. Mætinga björgunarsveitamanna til skammar. Við eigum að geta útvegað mun stærri hóp. 12. Ekki voru markaðar neinar aksturs- og gönguleiðir til að frá slysstað svo að verndun gagna var ekki tryggð.
<p>Lausnaraðili: Karl Steinar Valsson Aðgerðarstjóri</p>	<p>Heildarverkþáttur gekk vel fyrir sig og ég tel að viðbragðsaðilar ráði við svona verkefni. Þó eru nokkur atriði sem þarf að lagfæra.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ljóst er að breyta þar skráningarmálum/ talningum sem voru og flókin og því hætta á að fari úrskaiðis ef um raunverulegt tilvik væri að ræða. 2. Of mikill tími fór í að kalla eftir upplýsingum sem takmörkuðu störf vettvangsstjórnar til sinna verkþátta. 3. Nauðsynlegt er að þjálfa starfsmenn LSP í notkun á talstöðvum eða setja með þeim einstaklinga sem kunna slíkt sem hugsanlega er betri niðurstaða. <p>Skerpa þarf á upplýsingum frá LSP og öðrum hjálparaðilum og væri td beinlínutenging ein lausn þess máls.</p>

<p>Lausnaraðili: Aðalsteinn Leifsson Flugturn</p>	<p>Það þarf að fara yfir og samræma gátlista við flugslysaáætlun og þá boðun sem var notuð var á æfingunni. Kynna þarf flugslysaáætlunina fyrir starfsmönnum áður en hún verður tekin í notkun sem og æfa boðun. Einnig þarf að gera skýrt hvenær á að boða um krasssíma, m.t.t. staðsetningar, eðli mála o.fl.</p>
<p>Lausnaraðili: Þormóður Þormóðsson RNF Rannsókn</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skráning á staðsetningu slasaðra fyrir brottflutning. RNF ber skylda til að reikna út þyngd flugvéla eins og hún var þegar slysið varð og því verður að liggja fyrir upplýsingar um staðsetningu þeirra sem í flugvélinni voru. Jafnframt ber nefndinni skyldu til að meta möguleika þeirra sem í flugvélinni voru að lifa slysið af og þarf því staðsetning allra að liggja 2. Verndun þess hluta vettvangs sem var utan við flugvallarsvæðið var lítil sem engin. RNF óskaði eftir að þessi hluti vettvangsins yrði girtur af og var það þá gert. Þetta var um einni klukkustund eftir slysið.
<p>Lausnaraðili: Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð</p>	<p><u>Skráningin</u> Skráningin fór ekki vel. Upplýsingar bárust lengi vel að því er virtist ekki frá vettvangsstjórn (VS) til aðgerðastjórnar (AS) og þar af leiðandi fékk samhæfingarstöðin ekki upplýsingar til að byggja á, til úrvinnslu. Þegar líða tók á, virtist sem margar einingar væru að skrá sömu upplýsingarnar.</p> <p>Nauðsynlegt er að nægjanlegar upplýsingar berist til allra sjúkrahúsa sem þurfa að undirbúa móttöku slasaðra og einnig til að aðgerðastjórn og samhæfingarstöðin hafi yfirsýn yfir aðgerðina til að unnt sé að gera áætlanir og hugsa næstu skref og fyrir Rauða kross Íslands svo hægt sé að gefa aðstandendum upplýsingar um sína nánustu.</p> <p>Þörf er á að skoða skráningarmálin heildstætt með öllum þeim aðilum sem koma að skráningu og úrvinnslu. Þörf er á að einfalda skráninguna og fara yfir hvaða upplýsingar þurfa að vera tiltækar á hverjum stað og hvert upplýsingarnar þurfa að berast. Rétt er að það komi fram að skv. samkomulagi um skipan hjálparliðs almannaþarfa þá sér RKÍ um úrvinnslu skráningar og upplýsingagjöf til aðstandenda.</p> <p><u>Sjúkrahús</u> Landspítalinn háskólasjúkrahús (LSH) hafði aðra aðkomu að atburðinum en ef atburðurinn hefði gerst utan höfuðborgarsvæðisins. Nú var spítalinn innan héraðs. Samhæfingarstöðin hefur ákveðið verklag í upplýsingagjöf til LSH þegar verið er að flytja sjúklinga frá landsbyggðinni til LSH. Við þessar breyttu aðstæður þá skapaðist smá ruglingur varðandi þetta atriði en samhæfingarstöðin átti ekki að vera í beinu sambandi við LSH nema ef verið hefði flutningur sjúklinga frá LSH út á land. Í þessu tilfelli hefði sambandið átt að vera við AS. Skýra þarf þetta atriði innan samhæfingarstöðvar.</p>

Kaflí 5

Vettvangsmál

Skýrslur ráðgjafa

Flugslysaæfingin Reykjavík 2004

Skýrsla hópstjóra vegna leikara/sjálfbóðaliða

1. Bakskipulag, leikarar og förðun.

Með mér störfuðu Jóhann Thoroddsen sem sá um að koma aðstandendum í hlutverk. Ágúst Svansson lögreglunni í Reykjavík tók að sér að afla leikara fyrir æfinguna.

2. Á æfingunni var ég stödd á slysavettvangi og fylgdist með leikurum á vettvangi ásamt mínu aðstoðarfólki. Einnig þurfti að koma sjúklingunum fyrir á sínum stöðum og það var gert mjög skipulega í samráði við þá vettvangsmenn Jóhann Þór Jónsson, Ingimar Eydal og Rolf. Mitt eftirlitsfólk fylgdi leikurum á SSS og síðan áfram á sjúkrahús, þaðan til baka í sjúklingamiðstöð. Ég fylgdi síðan síðasta sjúklingnum af vettvangi á SSS.

3. Helstu tímasetningar voru eftirfarandi.

Kl. 06.30 Undirbúningur leikara og förðun hefst.

Kl. 10.30 Leikarar fengu að borða á vegum Almannavarnanefndar.

Kl. 11.50 Allir leikarar tilbúnir.

Kl. 11.50 Leikurum ekið á vettvang í tvennu lagi og þeim komið fyrir á réttum stöðum.

Kl. 12.15 Æfing hefst.

Kl. 17.00 Leikarar búnir að skila sér í sjúklingamiðstöð sem var í matsalnum í Skógarhlíðinni hjá slökkviliðinu. Þar fór fram viðrun fyrir leikara. Sérstök viðrun var fyrir þá leikara sem léku aðstandendur á SSA.

4. Ekkert förðunarnámskeið var haldið fyrir þessa æfingu en ýmsir áhugasamir aðilar úr hópi leiðbeinenda í skyndihjálpi sáu m förðun á æfingunni og gerðu það mjög vel. Leikarakynning var haldin 24. september í húsnæði Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík. Þar mættu u.þ.b. 120 manns sem skráðu sig sem leikara. 81 leikari var í hlutverki farþega og um 40 í hlutverki aðstandenda.

Farþegalisti Boeing 737 - 300 taldi 92 menn, 86 farþega og 6 í áhöfn. Við vorum með 81 leikara og 11 brúður. Þar af voru 1 brúðu í ungbarnastærð í hlutverki sem var með lífsmarki og áverka.

Það sem var óvenjulegt við þessa æfingu var að börn voru í hlutverki farþega allt niður í 7 ára. Þetta var gert vegna beiðni frá LSH bráðamóttöku barna. Þessir krakkar stóðu sig frábærlega vel.

Veður var ágætt, sem var mjög ánægjulegt miðað við að nóttina fyrir æfingu og um morguninn var brjáláð rok og mikil rigning. Þar sluppum við naumlega að mínu álit. Leikarar kvörtuðu ekki yfir slæmri meðferð og sögðu flesta aðila hafa verið nærgætta og umhyggjusama. Þó kom sumum spáskt fyrir sjónir að sjúklingar sem vorum búnir að missa tvo fingur eða voru með augað út á kinn að þeir enduðu í fjöldahjálparstöð Rauða krossins!!!!!! Einnig sögðu sumir leikarar að einhverjir þátttakendur æfingarinnar úr hópi björgunaraðila hefðu ekki tekið hlutina nógu alvarlega.

5. Það sem vel fór á æfingunni var:

- Staðsetning leikaranna á vettvangi.

- Allir leikarar gátu tekið með sér teppi út á vettvang sem hjálpaði mikið þannig að þeim varð síður kalt.
- Förðun leikaranna. Förðunarhópurinn stóð sig frábærlega og framkvæmdu sitt verk mjög vel og var hrósað fyrir fagmannlegt verk.
- Leikarar stóðu sig margir mjög vel þrátt fyrir ungan aldur og langan biðtíma.
- Allir leikarar sem luku leik á sjúkrahúsinu fengu hressingu þar og góða aðhlynningu. Einnig hlutu þeir góðan viðgjörning sem luku leik í fjöldahjálparstöð Rauða krossins.

6. Það sem betur má fara/ tillögur til úrbóta:

- Ekki er heppilegt að hafa sjúklingamiðstöð í matsal í Skógarhlíðinni. Ekki nægilegt rými auk þess sem starfsmenn í Skógahlíðinni þurftu pláss til að matast í fullum salnum.
- Enginn starfsmaður var á staðnum þegar fyrstu leikarar komu til baka.
- Viðrun leikara gekk ekki vel þar sem húsnæði bauð ekki upp á að þetta væri hægt.
- Farþegalisti þarf að vera betur unninn og að hluta til fyrirfram. Gott að senda hann í tölvupósti til þeirra sem þurfa að nota hann.
- Brúður sem lík þarf að vera búið að útvega vel fyrir æfingu og finna góða aðferð til að merkja þær.
- Betra skipulag þarf að vera á skráningu þegar svona stór hópur leikara tekur þátt.

Kærar þakkir fyrir samstarfið.

Vigdís Agnarsdóttir, hópstjóri
Flugmálastjórn Íslands

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangsstjórn	Ágúst Svansson LR Rögnvaldur Ólafsson RLS

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla – Slökkvilið - Björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi – Við söfnunarsvæði – Við vettvangsstjórn og víðar

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fyrir æfingar þarf að prófa og reyna fjarskiptabúnað við æfingaraðstæður. Hægt að nota tímann fyrir eða eftir skrifborðsæfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Gekk illa að ná sambandi við Björgunarstjóra og Aðhlyningarstjóra. Vettvangsstjórn hefði mátt fylgja betur eftir í upphafi sýnum úrbótum og leysa þessi mál varanlega strax í upphafi. Stöðufundir ekki haldnir vegna anna, tillögur að úrbótum ekki borðleggjandi. Þess ber að geta að mikið álag var á VS frá AS. Fjarskiptabúnað þarf að bæta m.t.t. hávaðamengunar. Menn þurfa að hafa fjarskiptin í höfuðtölum þannig að fjarskiptaglamur verði ekki auka áreyti á vettvangsstjórnina.

5. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Vettvangsstjórnin var áhugasöm fyrir æfinguna og á undirbúningstímanum og undirbjó sig mjög vel. Allir voru meðvitaðir um sín hlutverk og verkefni og ljóst að skrifborðsæfingin hefur mikið að segja í undirbúningi fyrir svona stóra æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Vettvangsstjóri var afgerandi stjórnandi á vettvangi og vettvangsstjórnin starfaði mjög vel saman og eftir SÁBF kerfinu. Vettvangsstjórn tók hratt og örugglega við vettvangi og átti góð samskipti við Björgunarstjóra í byrjun en síðan varð sambandsleysi eftir það. Verkaskipting innan vettvangsstjórnar var góð og allir meðvitaðir um sín hlutverk.

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leit og Björgun. Flutningar. Vettvangsstjórn.	Jón Friðrik Jóhannsson – Árni Ómar Árnason

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið Höfuðb. Björgunarsveitir. Lögregla

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysstað, SSS, Mót,

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur: Er alltaf erfiður á heimaslóð vegna annarra verkefna.

Tillögur til úrbóta: Fá að sinna þessu verkefni eingöngu. Erfitt !

Farþegalisti: Of seint á ferð og muna að gleyma ekki líkum.

Stöðufundir: Sem er almenn yfirferð á verkefninu sem á að vera löngu ljóst of margir á loka spretti bæði núna og áður.

Tillögur til úrbóta: Ráðgjafahópurinn gerður ábyrgari fyrir kynningu og að upplýsingar berist til allra er taka þátt í æfingunni frá sinni starfseiningu. Keyra má sama grunnpakka af glærum sem gefin er út af keyrslustjórn æfingarinnar. Ég held að þetta skili meiri árangri en að treysta á tvo til þrjá fundi um það sama á lokaundirbúningi þar sem allir eiga að mæta. Þið getið ímyndað ykkur 3x500. Bæði sparast fé og fyrirhöfn. Bendi á að við hjá SHS héldum einn lokafund með öllum sem tóku þátt í æfingunni þar sem við vorum að samstillast allt sem á undan var gengið og keyrðum þá einnig pakkann frá Sigurði sem sparaði okkur það að láta þá mæta á loka fund kl. 22:00. Þetta eru vandamál sem við höfum líka verið að lenda í úti á landi.

Skráning: Fór ekki eins og ætlað var. Of margir farnir að skrá og spurning um forgangsstöðun.

Úrbætur: Telja af SLY og SSS ef mögulegt er. Samræming á tölum tekur langan tíma og þarf að ráðast af þessu kalda mati hvort talningin sé mikilvægari en sjúkrahjálpin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Fjarskipti: Mikið álag í upphafi á rás verkþáttarstjóra þar sem þeir komu eiginlega allir inn á sama tíma.

Úrbætur: Fengust fljótlega þar sem NL hafði gefið út að allir sem voru á leið í útkallið frá okkur ætti að vera á þeirri rás en var leiðrétt fljótlega. Einhver misbrestur á upplýsingaflæði til NL.

Fjarskipti: Verkþáttastjórar/björgunarsveitir.

Úrbætur: Verkþáttastjórar sem vinna með björgunarsveitum þurfa fjarskiptamann sér við hlið til að auðvelda samskipti við björgunarsveitarhópa.

Frumgreining: Spurning hvort nota eigi spjöldin á vettvangi eða borða með litum.

Raungeta: Erfitt að gera sér grein fyrir raungetu SHS þegar ekki er kallað út varalið. Skírir að einhverju leyti þær tafir sem urðu á flutning slasaðra frá slysstað.

Úrbætur: Kalla út varalið.

Vettvangsstjórn: Of mikil áhersla á samskipti við Aðgerðarstjórn og upplýsingagjöf til þeirra á fyrstu mínútum.

Úrbætur: Gerast held ég af sjálfu sér í raunveruleikanum þar sem AS er ekki orðin virk eins fljótt og í æfingunni. Það tekur alltaf tíma að virkja og skipuleggja skilvirka vettvangsstjórn og ekki hægt að reikna með henni á fyrstu mínútum.

Slökkvistörf: Notkun reykköfunartækja engin í byrjun.

Úrbætur: Hamra á nauðsyn þess að menn fari eftir reglum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:**

Notkun á netinu. Sniðugt.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Samvinna úrlausnarhópa góð að mínu mati. Eflaust ekki allra.

Rúllaði vel eftir fyrstu 15 mínúturnar og allir tóku þátt í að leika verkið (tónverkið) til enda.

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Sjúkrahjálp á vettvangi og heilbrigðisþjónusta	Bára Benediktsdóttir, Gyða Baldursdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir og Jón Baldursson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Landspítali háskólasjúkrahús (LSH), Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu og Rauði Kross Íslands

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Bára Benediktsdóttir á söfnunarsvæði slasaðra (SSS), Gyða Baldursdóttir á LSH við Hringbraut, Guðbjörg Pálsdóttir á LSH í Fossvogi og Jón Baldursson fylgdist með flæði sjúklinga frá bráðaflokkun á slysstað og alla leið inn á sjúkrastofnanir.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Bráðamóttökur LSH eru á 5 stöðum (þar af 3 virkjaðar á þessari æfingu) og er af því töluvert óhagræði við flutninga og móttöku slasaðra. Þetta kemur enn berlegar í ljós við hópslysaástand og flækir ákvarðanir á vettvangi um, hvert flytja á sjúklinga. Stefna ber að einni sameinaðri slysa- og bráðamóttöku fyrir sjúkrahúsið.
- Margar af deildum LSH voru ekki búnar að skrifa til fulls sinn hluta af hópslysaáætlun stofnunarinnar. Nefnd um hópslys er tekin til starfa og mun safna til sín öllum viðbótar- og úrbótatillögum. Ný útgáfa hópslysaáætlunar LSH á að vera tilbúin fyrir næstu áramót.
- LSH hefði að skaðlausu mátt hefja undirbúning stofnunarinnar fyrr en gert var. Sumir af starfsmönnum tóku ekki nægilega þátt í fræðslu og þjálfun til undirbúnings æfingunni. Þetta á þó við um minnihluta. Flestir brugðust vel við tilmælum um undirbúning. Eðlilegt er, að allir starfsmenn líti á það sem skyldu sína að taka þátt í viðbúnaði vegna hópslysa.
- Hópslystjórn LSH þarf að fá betri aðstöðu og annars staðar til að teppa ekki fjarskiptaherbergi slysa- og bráðadeildar við aðgerðir sem þessar.
- Almennt þarf að útfæra nákvæmar hinar ýmsu hópslysaáætlanir. Á það bæði við áætlun LSH, flugslysaáætlun um Reykjavíkurlugvöll og hópslysaáætlun fyrir sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. T.d. þarf að skilgreina nánar, hver gefur upp fyrstu upplýsingar af vettvangi og hvernig þær eru látnar berast áfram í kerfinu. Þetta er hentugast að gera í formi nákvæmra gátlista. Einnig þarf að skilgreina með sömu nákvæmni hlutverk björgunarsveita þannig að sérhæfing hjálparliða þeirra komi að sem bestum notum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- e) Nokkurn tíma tók að koma af stað flutningum, fyrst af slysstað inn á söfnunarsvæði og síðan þaðan inn á sjúkrahús. Bent hefur verið á, að þessi vandi sé að mestu leyti æfingalegs eðlis og að öðruvísi yrði staðið að aðgerðum í raunveruleika. Til að tryggja það væri rétt að skrifa inn í hópslysaáætlun sjúkraflutninga hvernig það skuli gert. T.d. myndi muna miklu ef aðeins örfáar áhafnir færu af stað með flutningana strax í byrjun aðgerðarinnar því vegalengdir innan vettvangsins og frá honum til sjúkrahúsanna eru stuttar í þessu tilfalli. Til greina kemur við þær aðstæður, að flytja strax af slysstað og beint á sjúkrahús þá, sem fá 1. forgang við bráðaflokkun, en taka við sjúklingum í 2 og 3. forgangshópi á SSS.
- f) Tryggja þarf örugg og greið fjarskipti milli þeirra aðila, sem stýra flæði sjúklinganna. T.d. mætti hafa fámennan talhóp þar sem móttökusjúkrahús og aðgerðastjórnin gætu haft beint samband. Einnig þurfa þessir aðilar að hafa öruggt samband við fulltrúa heilbrigðisþjónustu í samhæfingarstöð og við lykilaðila sjúkrahjálpar á vettvanginum.
- g) Skráningu á vettvangi þarf að leggja að mestu niður og leggja í staðinn áherslu talningu: Telja þarf strax og gefa upp tölur úr bráðaflokkun og á það að geta gerst á tiltölulega skömmum tíma eftir útkall. Telja þarf reglulega stöðu sjúklinga á SSS og gefa upp hve margir bíða þar flutnings í hverjum forgangshópi og hvert þeim er ætlað að fara. Setja má sérstakan starfsmann í þetta hlutverk og gera talningu með reglubundnu millibili og gefa upp til áðurnefndra aðila. Það kemur í veg fyrir óþarfa áreiti og spurningar til aðhlyningarstjóra. Við brottför út af svæðinu er hægt að safna saman afrifum af greiningaspjöldum og merkja inn á þær tíma brottfarar. Vettvangsstjóri getur síðan látið safna þessum miðum saman reglulega og ætti það að nægja sem skráning af vettvangi.
- h) Skilgreina þarf hlutverk aðstoðarmanna verkþáttastjóra. Ekki er nægilegt að útvega þeim einungis “fjarskiptamenn”. Viðkomandi þurfa að hafa meira til brunns að bera og geta veitt verkþáttastjóranum raunverulega aðstoð í krafti sinnar þjálfunar og reynslu.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- a) Almennt var mikil vinna lögð í undirbúning þessarar æfingar og hjá flestum virtist einlægur áhugi liggja að baki.
- b) Uppsetning verkefnisins á vettvangi var til fyrirmyndar. Undirbúningur æfingastjórnar var vandaður og leikarar léku sín hlutverk vel. Allt skapaði þetta góða umgjörð fyrir æfinguna.
- c) Áætlun LSH stóðst í aðalatriðum og virðist uppsetning hennar, sem byggir á gátlistum, hafa gagnast vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- a) Bráðaflokkunin gekk vel og var henni lokið á 20 mín. Sjötíu manns runnu í gegnum SSS á 2½ klst. LSH gat tekið á móti öllum leikurunum af æfingunni.
- b) Vinnubrögð á vettvangi voru almennt til fyrirmyndar.
- c) Stjórn og framkvæmd innan veggja LSH gekk vel og framgangur starfsmanna almennt lofsverð.
- d) Fjarskipti lykilstjórnenda innan LSH gengu mjög vel og greinilegt að innanhústalstöðvar þurfa að verða fastur liður í aðgerðum sem þessari í framtíðinni.

Flugslysaefing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Gæslustjóri	Ágúst Svansson LR Rögnvaldur Ólafsson RLS

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla – Björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á og við vettvang

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fyrir æfingar þarf að prófa og reyna fjarskiptabúnað við æfingaraðstæður. Hægt að nota tímann fyrir eða eftir skrifborðsæfingu. Yfirfara allan búnað til lokana og annarra merkinga.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Gæslustjóri náði ekki sambandi um fjarskipti við Björgunarstjóra en var leyst með því að Gæslustjóri fann Björgunarstjóra á vettvangi og ræddi við hann um lokanir og gæslu. Gæslustjóri hefði þurft að tryggja sambandsleiðir við Björgunarstjóra í framhaldinu, þegar þeir hittust.

5. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Gæslustjórinn var áhugasamur fyrir æfinguna og á undirbúningstímanum og undirbjó sig mjög vel. Hann var meðvitaðir um sitt hlutverk og verkefni og ljóst að skrifborðsæfingin hefur mikið að segja í undirbúningi fyrir svona stóra æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Röggsamur við gæslustörf og hafði góða yfirsýn yfir stöðu mála. Kom fljótt upp heildstæðu umferðaskipulagi innan vettvangs. Hafði góða yfirsýn yfir mannaflsþörf og gat losað mannskap frá sér sem þurfti í viðameiri verkefnum. Ytri gæsla, innrigæsla og verndun vettvangs var vel skipulögð og vel upp sett. Aðilar undir stjórn Gæslustjóra voru meðvitaðir um sín hlutverk og voru færir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir til að leysa úr þeim málum sem upp komu við þeirra verkefni.

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Björgun á skaðasvæði, vinna á SSS	Atli Már Markússon

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Björgunarsveitir, SHS,LSH.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Skaðasvæði ,SSS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Kannski var fólk almennt of rólegt vegna þess að búið var að tala oftar en einu sinni um að hér væri um æfingu á gönguhraða að ræða. Sem er í sjálfu sér ekki svo slæmt ,ef til alvörunnar kæmi þá þurfum við á því að halda að vera róleg.

Hvað varðar störf svæðisstjórnar í vettvangsstjórn og aðgerðarstjórn þá mun verða fjallað um þann þátt í sér skýrslu frá svæðisstjórn sv 1.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Eins og svo oft áður þegar vinna á SSS er komin í gang þá hætta þeim björgunarsveitamönnum sem ekki hafa sérstaklega verið munstraðir í verkefni til að standa bara og bíða eftir því að einhver segi þeim fyrir verkum. Væri hugsanlega hægt að koma í veg fyrir þetta með því að hafa einn aðila sem nokkurskonar verkstjóra yfir björgunarsveitum á SSS en hann yrði þá að vinna í mjög nánu sambandi við aðhlyningarstjóra, restin sem ekki væri þörf á færi þá í önnur verkefni eða á biðsvæði hjálparliðs.

Töluverðan tíma tók að byrja að flytja sjúklinga frá skaðasvæði inn á SSS erfitt er að segja hvað veldur í þessu tilviki en ljóst er að flutningurinn fór of seint af stað, kannski vegna þess að þær áhafnir á sjúkrabílum voru komnar út í móa að sinna slösuðum, var þá vel til fundið að og góð lausn til að fá bílana aftur í umferð að fá aukabílstjóra frá björgunarsveitunum til að aka bílunum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Björgunarsveitir sem tóku þátt í æfingunni mættu vel búnar til leiks og til marks um það má nefna að sá búnaður sem margar sveitanna hafa komið upp í bílum sínum slagar hátt í meðal sjúkrabíl. Einnig hefur á síðustu árum verið gerð gangskör í þjálfun björgunarsveitamanna í fyrstu hjálp hvað varðar efni og kennslu og teljum við okkur vera á réttri braut hvað það varðar.

Hvað varðar störf svæðisstjórnar í vettvangsstjórn og aðgerðarstjórn þá mun verða fjallað um þann þátt í sér skýrslu frá svæðisstjórn sv 1.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Starfsmenn flugvallar og flugvallarstjóri	Sigurður Ólafur Sigurðsson Árni Birgisson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flugvallarstjóri, starfsmenn véla-, raf- og trésmíðaverkstæðis FMS

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á ferðinni um starfssvæði innan flugvallar

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Seglið sem starfsmenn FMS settu upp í dyrum SSS var til vandræða. Finna þyrfti betri aðferð við að festa það og gera þannig úr garði að auðveldara væri að ganga um það. Þetta er flokkað sem æfingarlegs eðlis vegna þess að ólíklegt er að SSS verði sett upp þarna ef raunverulegt flugslys á sér stað. Líklegra væri að það yrði sett upp á Hótel Loftleiðum.

Viðbragðsaðilar óku mjög hratt um aksturshliðið við slökkvistöðina og spurning hvort ástæða var til þess.

Gott hefði verið að fá meira áreiti aðstandenda í hliðinu til að æfa þann þátt.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Fyrir æfinguna var unninn gátlisti fyrir flugvallarstjóra. Þá vinnu þarf að halda áfram með og helst ætti flugvallarstjóri að hafa sér blað inn í áætluninni í kafla 8.

Skilgreina þarf nánar þátt flugvallarstjóra og samskipti hans við yfirstjórn og innan stofnunar.

Þegar starfsmenn FMS ætluðu að setja upp skilti fyrir Biðsvæði bjarga þá fannst skiltið hvergi. Olli það smá ruglingi en svo kom í ljós að aðrir hefðu þegar sett það upp. Skýra þarf í áætlun hver á að sjá um þetta.

Fjarskipti milli gengu tæknilega vel fyrir sig en erfitt var að komast að á stjórnrásinni í þau fáu skipti sem starfsmenn FMS þurftu að komast að. Allir sem koma að þessum fjarskiptum þurfa að vanda mál sitt, forðast óþarfar málalengingar og hugsa áður en þeir tala.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Starfsmenn FMS voru vel undirbúnir og búnir að kynna sér sitt hlutverk í áætluninni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Uppsetning á keilaðri leið á slysstað ásamt lokunarpóstum á braut 31 gekk vel gagnvart akandi umferð. Viðbragðsaðilar fylgdu leiðinni og námu staðar þegar þeir fengu merki um að gera það. Gangandi umferð var heldur óskipulagðari og leggja þarf meiri áherslu á að gangandi umferð falli einnig undir umferðarstjórn.

Flugvallarstjóri hafði í nógu að snúast sem tengiliður flugvallar við aðra aðila og við að upplýsa yfirstjórn FMS um stöðu mála. Hans hlutverk innan Flugslysaáætlunar styrktist í sessi og er komið til að vera.

Starfsmenn FMS hófu uppsetningu SSS og voru langt á veg komnir með það verk þegar viðkomandi viðbragðsaðilar mættu á staðinn.

Tetra boðunarkerfi sem var á tilraunastigi gaf góða raun. Klára þarf það mál og koma því inn í áætlunina og gátlista flugturns.

Kaflí 6

Aðgerðarstjórn

Skýrslur ráðgjafa

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Aðgerðastjórn	Víðir Reynisson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögregla, slökkvilið, Rauði kross, Svæðisstjórn björgunarsveita, Landspítali háskólasjúkrahús

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í aðgerðastjórnstöðinni

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðgerðastjórnin gaf sér ekki mikinn tíma til undirbúnings. 21. sept. Var haldin kynningarfundur fyrir AS þar sem áætlunin og æfingin voru kynnt ásamt því að farið var yfir störf í aðgerðastjórn. 24. sept var farið yfir hugbúnað stjórnstöðvar og fulltrúar í AS í fyrsta skipti að starfa í því rými sem þeim var ætlað. Haldin var skrifborðsæfing sem leiddi í ljós ýmsa vankanta bæði á vinnulagi og búnaði.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Aðgerðastjórnin var að starfa saman í fyrsta skipti og var það sýnilegt í upphafi. Þegar á leið slípaðist þetta til og allir komust í sýn hlutverk.

Nokkuð skvaldur var í aðgerðastjórninni en þegar tekið var á því lagaðist það, einnig er alltaf truflun af gestum.

Búnaður stjórnstöðvarinnar var að valda vandræðum og er það atriði sem ekki verður komist fyrir nema með reglulegri notkun. Mikilvægt er að öll samskipti séu sem hljóðlegust og því þarf t.d. að fá heyrnartól á síma.

Huga þarf að aðstöðunni í heild sinni, skipulagi, uppröðun ofl.

Samskipti við Vettvangsstjórn voru ágæt en á tímabili var aðgerðastjórn of áköf í öflun upplýsinga sem olli truflun hjá vettvangsstjórn. Vandræði urðu með fjarfskipti og tók um 15. mín að koma því í lag og á meðan voru lítil samskipti við vettvang.

Nauðsynlegt er að aðgerðastjórnin hittist reglulega og æfi, t.d. skrifborðsæfingar og nýti vel tækifæri sem æfingar eins og þessi gefa.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur aðgerðastjórnarinnar var að skornum skammti en allir lögðust á eitt til að þetta gengi upp.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Upplýsingameðhöndlun var ágæt, notaður var Aðgerðastjórnin og voru flestir að nota hann í fyrsta skipti. Notaðar voru töflur og veggpláss nýtt fyrir stór blöð með upplýsingum. Samstarf við Samhæfingarstöðina gekk en ekki reyndi mikið á það. SÁBF kerfið var notað og ljóst að frekari þjálfun aðgerðastjórnar mun hjálpa til að gera verkaskiptingu skýra.

Almennt:

Aðgerðastjórn almannavarna höfuðborgarsvæðisins er að ganga í gegnum sýn fyrstu skref í neyðaraðgerðum og ljóst að nauðsynlegt er að koma á reglubundinni þjálfun. Virkjun aðgerðastjórnar vegna smærri sem stærri aðgerða mun auka líkurnar á að hún verði tilbúin að takast á við verkefni að þeirri stærðargráðu sem nú var æfð.

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Áfallahjálp/Sálgæsla	Margrét Blöndal Jóhann Thoroddsen Carlos Ferrer.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
LSH: áfallahjálparhópur, Rauði Krossinn, Kirkjan

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
LSH: Slysa- og bráðadeild Fossvogi, Bráðamóttaka Hringbraut, Bráðamóttaka Barnaspítala Hringbraut. Söfnunarsvæði aðstandenda: Grensáskirkju. Fjöldahjálparstöð í MH.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Of mikið sent af tölvupósti um fundi og dagskrá.
 - Ekki senda upplýsingar fyrr en þær liggja örugglega fyrir.
- Upplýsingar um dagskrá breyttust fram í síðustu viku. Erfitt að finna tímasetningar innan starfseininga ef mikilvægir fundir tvo daga fyrir æfingu eru ekki klárar.
 - Dagskrá þarf að vera tilbúin amk 3 vikum fyrir æfingu
- Ekki gengið frá hver myndi viðra leikara í Skógarhlíð eftir æfingu.
 - Enginn í Skógarhlíð þegar fyrstu leikarar komu.
 - Ónothæft húsnæði fyrir viðrun stórra hópa.
 - Best að viðra leikara þar sem þeir eru þegar þeir hætta í hlutverkum og nota áfallahjálparfólk í hverri starfseiningu til þess.
- Túlkur sem var með aðstandanda gerði ekki grein fyrir sér á LSH.
 - Undirbúa túlka undir að kynna sig sem túlka þegar þeir mæta á starfsstöðvar.
- Ákveðið hafði verið að reyna á að fá Rk fólk til að vera við innganga á LSH. Það var ekki æft v. einungis einn aðstandandi kom á hvort sjúkrahús.
 - Boðleiðir milli LSH og fjöldahjálparstöðvar
 - Hringt var frá LSH í SSA að leita að upplýsingum um aðstandendur slasaðra. Fengust ekki upplýsingar frá SSA um hvort aðstandendur væru þar að bíða eftir að hitta slasaða sem komnir voru á sjúkrahús.
 - Samráðshópur þarf að geta verið reglulega í sambandi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Samræma þarf samvinnu presta og sjálfboðaliða Rk á SSA þannig að ekki myndist annað kerfi innan skipulags verkþáttarins áfallahjálps/sálgæsla.

Boðleiðir innan LSH

- Stjórnandi samráðshóps sem var staðsettur á LSH náði illa sambandi við hópshópsstjórn LSH og fulltrúa heilbrigðisþjónustunnar í aðgerðarstjórn.
- Ekki gsm samband alls staðar á LSH. Vont samband sums staðar á Bráðamóttöku Hringbraut og Bm. Barnaspítala.
 - Lausnaraðilum þarf að vera þetta ljóst.
 - Þarf einnig að vera klárt hvort starfsfólk þarf að leggja til sína eigin síma í svona aðgerð?
- Ekki lá fyrir listi um útkallshóp á geðsviði þegar stjórnandi samráðshóps bað hópshópsstjórn um að fá fleiri til aðstoðar á LSH.
- Ekki var ákveðið í viðbragðsferli á Bráðamóttöku barna hvenær ætti að kalla út áfallahjálparfólk.
 - Þarf að vera í skipulagi á hverri deild hvenær á að kalla út áfallahjálp í gegnum hópshópsstjórn og hver er tengiliður deildar við áfallahjálparaðila.
- Áfallahjálparaðili á Bráðadeild gangi í að para saman sjúklinga og aðstandendur sem eru í SSA eða annars staðar.
- Upplýsingar um þá slösuðu þegar þeir komu inn á SB Fossvogi, Bráðamóttöku LSH Hringbraut og Bráðamóttöku Barnaspítala voru illfáanlegar. Þarf að vera ákveðinn ritari sem tekur niður nöfn og kemur nafnalista til stjórnanda áfallahjálparhóps á hverri starfsstöð.

Boðleiðir milli LSH , fjöldahjálparstöðvar og SSA

- LSH gekk illa að ná sambandi við þá á SSA sem höfðu upplýsingar um að standendur.
 - Samráðshópur þarf að geta verið reglulega í sambandi til að fara yfir stöðu mála.
 - Ef aðili í samráðshóp þarf að taka ákvörðun án samráðs við stjórnanda er mikilvægt að hann komi upplýsingum um það til stjórnanda samráðshóps sem fyrst.
- Hlutverk Rauða kross manns í samráðshópi þarf að vera skýrara gagnvart fjöldahjálparstjóra.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Gott að fá fræðsluna. Gott að hún byrjaði snemma.
- Gott að faghópar hittist fyrir æfingu. Persónuleg kynning mikilvæg til að byggja upp vinnu áfallahjálpar.
- Gott að hafa skrifborðsæfingu.
- Almannaþingarskipulag flókið fyrir þá sem eru að sjá það í fyrsta skipti. Þarf að bjóða upp á endurtekningar með möguleika á samtali eins og gert var fyrir æfinguna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Aðstandendum á SSA var sagt í upphafi um að tilkynningar yrðu á 20 mínútna fresti um afdrif fórnarlamba. Aðstandendur voru mjög ánægðir með það.
- Alltaf var einhver hjá hverjum aðstandanda.
- Aðstandendur voru mjög ánægðir með andlega umönnun á SSA.
- Styrkur að hafa samráðshóp áfallahjálpar sem dreifð er á 3 starfseiningar er:
 - Stuttar boðleiðir. Frumkvæði. Gagnkvæmur skilningur á störfum starfseininga sem vinna sama verkefni. Heildarsýn kemst á öll starfssvæði. Boðleiðir stuttar og nákvæmar. Öryggi að allir hafi jafnan aðgang að áfallahjálpi.
- Samráðshópur þarf að hittast reglulega utan æfinga og útkalla og tilnefna 2-3 varamenn.
- Búið var að uppfæra símanúmer sem er mjög mikilvægt þegar að raunveruleikanum kemur.
- Margir prestar tóku þátt í vinnu í fjöldahjálparstöð og SSA.
 - Prestum á SSA og fjöldahjálparstöð fannst gott að vinna þar og fannst samstarfið við Rauða kross fólki ganga vel.
 - Ef margir prestar eru á eða í tengslum við SSA er mjög gott að hafa einn stjórnanda og einn verkstjóra eins og gert var en þó þarf að gæta þess að samráðshópurinn er með yfirumsjón með þessum verkþætti. Allir sem starfa inna fjöldahjálparstöðvar eða SSA eru undir stjórn fjöldahjálparstjóra Rauða Krossins.
 - Gott fyrir sóknarpresta að hitta sóknarbörn sín í SSA og geta t.d. farið með þau þaðan.
 - Setja mætti inn í skipulag að ef stór atburður verður, meldi sóknarprestar sig til ákveðinna aðila (t.d. Neyðarlínan) um hvar hægt er að ná í viðkomandi ef meiri hjálpi vantar.

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjöldahjálp Rauða kross Íslands/aðstandendur	Herdís Sigurjónsdóttir, fjöldahjálp Jóhann Thoroddsen, sálræn skyndihjálp/aðstandendur

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

42	Fjöldahjálp
2	1717 (Hjálparsíminn)
1	aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins
1	samhæfingarstöð almannavarna
1	landsskrifstofa Rauða kross Íslands

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Herdís Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri Rauða kross Íslands-neyðarvarnir, neyðaraðstoð, fylgdist með í fjöldahjálparstjórn og á söfnunarsvæði aðstandenda. Jóhann Thoroddsen, verkefnisstjóri sálræn skyndihjálp, vann með hópnum áfallahjálp/sálgæsla, fylgdist með á söfnunarsvæði aðstandenda. Guðný Björnsdóttir svæðisfulltrúi á Norðurlandi og María Helena Haraldsdóttir svæðisfulltrúi á Austurlandi, fylgdust með í flugstöð og í fjöldahjálparstöð.

Verkefni Rauða kross fólks, staðsetning og virkjun starfssvæða

<p><u>Fjöldahjálparstjórn</u> Staðsett á Laugavegi 120, virkjað kl.12.38 Samhæfing fjöldahjálpar og samvinna við samstarfsaðila.</p> <p><u>Söfnunarsvæði aðstandenda</u> Staðsett í safnarðarheimili Grensáskirkju og virkjað kl. 13.06 Umönnun 37 aðstandenda, upplýsingagjöf og samskipti við sjúkrahús vegna sameiningar fjölskyldna.</p> <p><u>Fjöldahjálparstöð</u> Staðsett í Menntaskólanum við Hamrahlíð og virkjuð kl. 13.15 Þangað mættu 33 farþegar sem voru skráðir inn og annast um, æfð var einnig sameining fjölskyldna.</p> <p><u>Hjálparsíminn</u> Æft í fyrsta sinn, staðsettur á Laugavegi 120 og virkjaður kl. 12.30 50 símtöl bárust og var óskað eftir upplýsingum um 20 fórnarlömb.</p> <p><u>Flugstöð</u> Aðstoð við flugvallarstarfsmenn varðandi aðstandendur. Flutningur á fólki úr flugstöð á söfnunarsvæði aðstandenda.</p> <p>Önnur verkefni Rauða kross fólks <u>Söfnunarsvæði slasaðra (grænir - lítið slasaðir)</u> Aðstoð á söfnunarsvæði lítið slasaðra á flugvelli þar sem 7 Rauða kross sjálfboðaliðar unnu á tveimur grænum svæðum. Einnig annast um flutning á lítið slösuðum af vettvangi í fjöldahjálparstöð.</p>

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þátttaka deildafólks og fræðsla

Æfing sem þessi leiðir til aukinnar vitundar allra viðbragðsaðila á hlutverki þeirra og mannaflapörf í lykilstöður sem og verkefnum og mikilvægi annarra viðbragðsaðila. Það

hefði mátt vera meiri þátttaka frá öllum deildum á svæðinu þar sem þær yrðu allar kallaðar til starfa í neyðaraðgerðum. Aðstoðarfólk í MH var óklárt á sínu verkefni og hefði mátt funda með þeim sérstaklega fyrir æfinguna.

Nokkuð bar á ööryggi með hlutverk Rauða krossins í skipulagi almannavarna og höfðu margir orð á því að þeir yrðu að fara á fjöldahjálparstjórnanámskeið.

- Deildafólk hefði mátt hefja undirbúning fyrir og sækja betur fundi sem haldnir voru til undirbúnings æfingarinnar.
- Deildir þurfa að nýta betur þau fjöldahjálparstjórnanámskeið sem haldin eru á höfuðborgarsvæðinu.
- Funda þarf með þeim aðilum sem koma að æfingunni (starfsfólk skóla) og fara yfir hlutverk hvers og eins í skipulaginu.

Neyðarvarnaáætlanir

Ekki voru allar deildir búnar að uppfæra neyðarvarnaáætlanir sínar fyrir æfingu.

- Mikilvægt að deildir uppfæri neyðarvarnaáætlanir a.m.k. árlega.

Landsskrifstofa Rauða krossins

Merkingar á vinnusvæðum í fjöldahjálparstöð

Til eru merkingar á vinnusvæðum í fjöldahjálparstöð á ýmsum tungumálum sem nýttist vel en var ekki nægilega afgerandi á veggjum fjöldahjálparstöðvar.

- Útbúa merkingar með Rauða kross merkinu og svörtum ramma sem aðgengilegt verður deildafólki á www.redcross.is/neydarvarnir

Merkingar á söfnunarsvæði aðstandenda

- Útbúa merkingar fyrir vinnusvæði á söfnunarsvæði aðstandenda sem aðgengilegt verður deildafólki á www.redcross.is/neydarvarnir

Söfnunarsvæði aðstandenda

- Ljúka við verkþáttaskipurit SÁBF fyrir fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda)
- Bæta við fræðslu í starfsháttum á SSA á fjöldahjálparstjórnanámskeiðum

Merkingar á stjórnendum

Stjórnendum á starfssvæðum fjöldahjálpar voru ekki merktir

- Útbúa þarf merkingar á stjórnendum fjöldahjálpar

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Samskipti milli aðgerðastjórnar og fjöldahjálparstjórnar

Rauða kross deildir eiga ekki TETRA stöðvar og höfðu því ekki talstöðvasamskipti við aðgerðastjórn. Ekki var beint netsamband við fulltrúa Rauða krossins í aðgerðastjórn.

- Deildir kanna samhliða vinnu sinni við endurskoðun neyðarvarnarskipulags á svæðinu hvort neyðarnefnd eigi að eiga TETRA stöð(var).
- Aðgerðastjórn ber að tryggja netsamband fulltrúa Rauða krossins í stjórninni.

Verkþættir á söfnunarsvæði aðstandenda

Safnaðarheimili Grensáskirkju hentaði vel sem SSA og gaf það margvíslega möguleika sem nýttist vel í vinnunni, en þó hefði mátt vera klárari verkaskipting innan svæðisins.

- Skipta hefði mátt betur niður verkþáttum á SSA og hlutverkum þeirra sem þar unnu sem skapast að miklu leyti vegna undirmönnunar í byrjun og gríðarlegs álags.

Samráðshópur um áfallahjálp

Nýr samráðshópur fulltrúa frá Rauða krossinum, heilbrigðisþjónustu og prestum um áfallahjálp hafði ómótað hlutverk og olli ruglingi varðandi boðleiðir.

- Skýra þarf hlutverk samráðshóps um áfallahjálp og tengsl við samstarfsaðila eins og fjöldahjálp Rauða krossins og tryggja samvinnu við stjórnanda Rauða krossins á SSA

Kostnaður við notkun safnaðarheimilis Grensáskirkju sem SSA

Ákveðið var stuttu fyrir æfingu að kanna hvort hægt væri að nýta safnaðarheimili Grensáskirkju sem SSA þar sem húsnæðið var talið hentugt og var það auðsótt af kirkjunnar fólki. Ekki var ljóst fyrir æfingu að það kæmi til kostnaðar vegna notkunar húsnæðisins í æfingunni, sem stafar líklega af hugsanaleysi og því að deildafólkið fundaði ekki með starfsfólki Grensáskirkju, heldur fóru starfsmenn aðeins til að taka húsakynnin út notkunarlega séð. Eftir æfingu kom síðan í ljós að greiða þarf fyrir notkun húsnæðisins bæði í æfingum og einnig ef til virkjunar SSA kæmi.

- Kanna þarf hvort hægt er að útvega húsnæði sem ekki hefur í för með sér aukakostnað.

Skráning á fórnarlömbum og aðstandendum

Boðleiðir voru óljósar varðandi upplýsingaöflun á SSA og var á tíma komið á tvöfalt kerfi á SSA til að afla upplýsinga um fórnarlömb, þ.e. stjórnandi SSA og samráðshópur um áfallahjálp.

- Skýra þarf hlutverk samráðshóps um áfallahjálp og tengsl við samstarfsaðila eins og fjöldahjálp Rauða krossins og tryggja samvinnu við stjórnanda Rauða krossins á SSA. Það vantaði samantektarblað um aðstandendur til að auðveldara hefði verið að sjá strax hvaða aðstandendur væru á svæðinu.
- Útbúa þarf samantektarblað til að nota á SSA sem gott væri að hafa í tvíriti

Skráningar/upplýsingagjöf

Upplýsingar um fórnarlömb bárust seint sem olli óróa í kerfinu.

- Mikilvægt að hafa miðlæga úrvinnslu skráningar (helst utan héraðs) sem hægt er að leita til vegna aðstandenda sem eru að leita að upplýsingum um fórnarlömb bæði á söfnunarsvæði aðstandenda og í upplýsingasíma.

Boðleiðir milli fjöldahjálpar og LSH

Í neyðarvarnaáætlun er ekki búið að gera ráð fyrir tengslum milli neyðarnefndar og sjúkrahúss sem reyndi á í æfingunni, það er nauðsynlegt vegna þarfar á heilbrigðisþjónustu í fjöldahjálparstöðvar og söfnunarsvæðis aðstandenda, auk þess sem nán tengsl og samvinna þarf að vera vegna sameiningar fjölskyldna.

- Móta þarf verklagsreglur varðandi heilbrigðisþjónustu á starfssvæðum fjöldahjálpar og varðandi upplýsingar um aðstandendur á SSA og slasaða á sjúkrahúsi.

Innsláttur farþegalista

Verið var að slá inn farþegalistann á mörgum stöðum (m.a. aðgerðastjórn og samhæfingarstöð) og hefði mátt samræma þá vinnu betur fyrir æfinguna til að auðvelda alla úrvinnslu.

- Útbúa verklagsreglur vegna úrvinnslu skráningar
- Fá farþegalistann á excelformi frá flugfélaginu.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fræðsla fyrir æfingu

Almenn ánægja var með þá fræðslu og fundi sem haldnir voru fyrir deildafólk í undirbúningi æfingar. Gott að hafa skrifborðsæfingu og fræðslu um sálræna skyndihjálp.

Landsskrifstofa Rauða krossins

Sökum góðrar reynslu fyrri æfinga voru settar inn ýmsar upplýsingar um æfinguna á www.redcross.is/neydarvarnir

Aðstandendur

Þrátt fyrir að stefnt hafi í óefni með öflun leikara tókst að fá tæplega 40 manns til að leika og tóku fjölmargir þátt í æfingunni með því að hringja inn og fá upplýsingar og m.a. þeir sem léku aðstandendur á SSA.

Leikur aðstandenda

Jóhann Thoroddsen hélt utan um undirbúning aðstandendanna sem er lykillinn að góðri æfingu og má segja að í þessari æfingu hafi allt gengið upp. J Th. sá um að skrifa hlutverk fyrir aðstandendur og leikstýrði. Aðstandendurnir léku af mikilli innlifun og eiga miklar þakkir skyldar. Mikið var um ungt fólk sem tók hlutverk sitt alvarlega og var leikurinn raunverulegur og góður.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Samvinna innan fjöldahjálpar

Fjöldahjálparstjórn gekk vel að fylgjast með flæði síns fólks sem skapast m.a. af því að fjarskipti gegnu vel (VHF talstöðvar) og var góð samvinna milli stjórnenda innan fjöldahjálpar.

Samvinna við aðgerðastjórn og samhæfingarstöð almannaavarna

Neyðarnefnd var í góðu sambandi við sinn fulltrúa í aðgerðastjórn og eins við fulltrúa Rauða krossins í samhæfingarstöð.

Upplýsingagjöf á SSA

Upplýsingagjöf til aðstandenda á SSA gekk vel.

Sameining fjölskyldna á sjúkrahúsi og í fjöldahjálparstöð

Samvinna við sjúkrahús gekk vel er varðaði sameiningu fjölskyldna og fóru nokkrir aðstandendur á sjúkrahúsið í fylgd Rauða kross fólks.

Umönnun aðstandenda

Fjöldahjálparstjórn og stuðningsaðilar fengu mismunandi útgáfur af viðbrögðum fólks vegna áfallastreitu til að glíma við og voru sumir allt annað en auðveldir. Rauða kross fólki í umönnun tókst að greiða úr flóknum og erfiðum aðstæðum þrátt fyrir undirmönnun og var það mál leikara að stuðningur hafi verið mjög góður.

Bílstjóri Rauða krossins

Bíll fataflokunar Rauða kross deilda á höfuðborgarsvæði var fenginn að láni fyrir æfinguna og reyndist það nauðsynlegt. Bíllinn flutti sjálfboðaliða og ýmislegt milli svæða og gekk flutningur vel.

gera þarf ráð fyrir bílnum í neyðaráætlunum í framtíðinni.

Söfnunarsvæði slasaðra (grænir - lítið slasaðir)

Vinna skyndihjálparhóps Reykjavíkurdeildar-RKÍ sem var fenginn til aðstoðar á söfnunarsvæði lítið slasaðra (grænna) á flugvelli gekk vel. Þar unnu þeir undir stjórn aðhlyningarstjóra og gekk samvinna við hann mjög vel. Græna svæðinu var tvískipt og því urðu þau að kalla til viðbótarmannskap er þau mættu til starfa. Læknir sem var í hópnum var fenginn til aðstoðar við greiningu og umönnun slasaðra á svæðinu.

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Skráning	Ágúst Svansson LR Rögnvaldur Ólafsson RLS

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögregla – Slökkvilið - Björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysstað – Við söfnunarsvæði – Við skráningarpóst

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Setja upp raunhæfari aðstæður við æfingar sem reyna meira á skráningarkerfið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Þrátt fyrir miklar þælingar og margar æfingar er skráningin þáttur sem alltaf misferst. Í þessari æfingu var búið að einfalda skráningarkerfið en framkvæmdin gekk ekki upp þ.e.a.s. staðsetning skráningarpósts. Til að einfalda skráningu enn frekar leggjum við til að talning þ.e. einföld hausatalning verði framkvæmd á SLY eða við inngang á SSS. Þegar aðilar fara út af SSS á sjúkrahús eða annað þá verði afrifan af greiningarspaldinu skilin eftir við hlið út af svæðinu.

Þannig verði einföld talning í gangi fyrir VS og AS til þess að átta sig á stöðunni fljótt og örugglega. Þar sem afrifurnar verða skildar eftir verði síðan hægt að fá nánari upplýsingar um greiningu á forgangi og hvert var farið með viðkomandi. Perslónupplýsingum verði eftir sem áður safnað á SSS og fara þær síðan notaðar til að stemma af farþegalista þegar færi gefst. Með þessu skipulagi mætti minka álagi á Aðhlyningarstjóra og Vettvangsstjórn en venjulega er sífeld pressa á þessa aðila að skila inn tölum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Skráning fór ekki rétt af staði í upphafi en lögreglumenn á skráningarpóst gerðu viðeigandi rástafanir sjálfir og komu því í lag. Mikið álagi var á mönnum í skráningarpósti en þar voru lengst af tveir lögreglumenn sem síðan fengu góða aðstoð tveggja björgunarsveitarmanna og var þá fyrst hægt að fara lesa úr gögnum og skila inn tölum.

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjölmiðlar	Heimir Már Pétursson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Upplýsinga- og kynningarstofa Flugmálastjórnar, Karl Steinar Valsson frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Jón Baldvin Halldórsson upplýsingafulltrúi Landsspítala háskólasjúkrahúss, Árni Magnússon markaðsstjóri Flugfélags Íslands

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á Reykjavíkurlflugvelli og í samræmingarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þar sem æfingunni seinkaði voru fjölmiðlar komnir á staðinn áður en hún hófst. Þar af leiðandi var ekki hægt að æfa móttöku þeirra eins og til stóð. Hins vegar gæti það gerst í raunveruleikanum að fjölmiðlar væru fyrir tilviljun staddir á flugvellingum, vegna t.d. óskylds blaðamannafundar á hótél Loftleiðum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Þegar æfingin hófst kom í ljós að stjórnandi aðgerða, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, hefur ekki netfang í samræmingarmiðstöðinni, þar sem hann getur tekið á móti afriti af fréttatilkynningum. Heimir Már kundi ekki á faxtækið á skrifstofu Flugmálastjórnar (það er í ljósritunarvélinni) og því dróst úr hófi að stjórnendur aðgerða fengju afrit af fyrstu fréttatilkynningu sem send var út frá Flugmálastjórn. Koma þarf upp netfangi fyrir stjórnendur aðgerða í samræmingarmiðstöðinni, t.d.: adgerdarstjorn@samraemingarmidstod.is eða eitthvað slíkt.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Þegar þeir aðilar sem koma að samskiptum við fjölmiðla voru allir komnir saman í samræmingarmiðstöðinni gekk samstarf þeirra vel og þeir unnu saman að því að taka saman upplýsingar og senda út fréttatilkynningu nr. 2. Haldinn var “blaðamannafundur” í Skógarhlíðinni og var hann nokkuð vel undirbúinn. Þó skorti svör við því hvers vegna flutningar á slösuðum fóru eins seint af stað og raun bar vitni.

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjarskipti	Jónína Sigurðardóttir

Fór æfingin fram á Tetra fjarskiptakerfinu nema að flestir björgunarsveitarmenn sem tóku þátt í æfingunni voru á VHF kerfi björgunarsveitanna. Voru notaðir sameiginlegir talhópar viðbragðsaðila, slysaþópar, sem samkipti á milli stjórnanda og síðan á milli aðgerðarstjórnar og vettvangsstjórnar. Lögregla og slökkvilið notuðu síðan sína eigin talhópa til að stýra sínu liði á vettvangi.

Stjórnstöðvarbifreið Flugbjörgunarsveitarinnar:

Vettvangsstjóri notaði bifreiðina fyrir vettvangsstjórn. Er bifreiðin nokkuð vel útbúin til notkunar fyrir vettvangsstjórn. Hún er rúmgóð þannig að það geta margir unnið á sama tíma í henni. Góð aðstaða er fyrir tvo fjarskiptamenn í sér rými fyrir þá. Síðan getur þriðji fjarskiptamaðurinn verið í hinum enda bifreiðarinnar þar sem er einnig aðstaða fyrir loggara og stjórnendur. Það sem var ábótavant við aðbúnað í bifreiðinni á þessari æfingu er eftirfarandi: Allt of mikill hávaði var í fjarskiptunum því það vantaði höfuðtöl við allar talstöðvar. Við það að hafa mikinn hávaða frá mörgum stöðvum í einu skapar mikið og þreytandi álag á þá sem þar starfa. VHF fjarskipti björgunarsveita gengu vel en aftur með Tetra fjarskiptin þá voru tvær fastar talstöðvar í bifreiðinni og var önnur þeirra forrituð í Nokia kerfinu þannig að hún var ónothæf. Hin stöðin hafði ekki undan enda unnið á mörgum talhópum. Þurfti því að nota handstöðvar og er það ekki góður kostur fyrir stjórnendur í stórslysum. Þarf að fjölga um tvær Tetra bílstöðvar í bílnum og þurfa þær að vera staðsettar við vinnuborð stjórnanda. Forrita þarf Nokia stöðina í núverandi kerfi svo að hún virki. Faxtækið sem er í bifreiðinni er bilað eða ónýtt. Þarf að gera við það eða fá nýtt ef það á að vera áfram í bifreiðinni. Eðlilegast er að upplýsingar sem fram til þessa hafa verið sendar á faxtæki verði í framtíðinni sendar með tölvupósti því það er nauðsynlegt að geta verið í tölvupóstsambandi við aðgerðarstjórn með stöðuskýrslu og fleira. Það er ekki sjálfgefið að þetta fari allt í gegnum talstöðvar. Ekkert er fyrir loggara annað en blað og blýantur. Það eru orðin úrelt vinnubrögð og þarf að vera fartölva til loggunnar með aðgangi að loggkerfi.

Aðgerðarstjórn

Aðgerðarstjórn var á fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Skógarhlíð. Aðstaðan þar er góð. Hins vegar þarf að setja höfuðtöl á alla síma og talstöðvar þar. Einnig vantar betri aðgang að prentara og faxtæki. Í fundarherbergi aðgerðarstjórnar þarf að vera fartölva með loggskrá svo hægt sé að fylgjast með aðstæðum hverju sinni. Stjórnun og samvinna í aðgerðarstjórn gekk vel fyrir sig.

Æfingin

Talhópurinn slys 4 var notaður sem stjórnunartalhópur á milli vettvangsstjórnar og verkþáttarstjórnanda á vettvangi. Mikil umferð var á talhópnum og er því nauðsynlegt að vettvangsstjóri stýri umferðinni og sjái til þess að agaleysi skapist ekki á stjórnunarrásinni. Kvörtuðu verkþáttastjórnar yfir því að þeir kæmust ekki að vegna

anna á rástinni. Gæslustjóri var í vandræðum með sín fjarskipti náði illa sambandi um tíma. Var hann á erfiðum stað þar sem mikill vindur var og gæti það hafa átt sinn þátt í því hversu illa gekk. Einnig bárust fyrirspurnir og kvartanir bæði frá verkþáttastjórum og aðgerðarstjórn hvort ekki væri hægt að breyta nöfnum á verkþáttastjórunum því nöfnin, björgunarstjóri, aðhlyningarstjóri, gæslustjóri, flutningastjóri, vettvangsstjóri og aðgerðarstjórn eru óþjál og taka of mikinn tíma í fjarskiptum þegar skiptir öllu máli að fjarskipti séu stutt og hnitmiðuð. Talhópurinn slys 3 var notaður sem stjórnunartalhópur á milli vettvangsstjórnar og aðgerðarstjórnar. Gengu fjarskiptin þar vel fyrir sig nema það kom fyrir í tvígang að talhópurinn var gerður óvirkur með því að stöð festist inn á honum. Í fyrra skiptið var það í yfir 10 mínútur en aðeins stutta stund í það seinna. Hefur þetta verið rakið til óvandaðrar meðferðar á talstöð. Á meðan á þessu stóð fóru fjarskipti á milli aðgerðarstjórnar og vettvangsstjórnar fram með sínum.

Sjúkrahúsin

Fjarskipti við sjúkrahúsin gegnu vel fyrir sig og sýndi þessi æfing það hvað það er nauðsynlegt að hafa gott fjarskiptasamband við sjúkrahúsin því þau gegna stóru hlutverki í stórslysum.

Að lokum.

Ekki er hægt að segja annað en fjarskiptabátturinn í heild sinni hafi gengið vel. Það að allir viðbragðsaðilar séu ekki á sama fjarskiptakerfinu gerir það að verkum að seinkun verður í vinnu á vettvangi. Því er nauðsynlegt að það verði byggt upp eitt sameiginlegt fjarskiptakerfi fyrir viðbragðsaðila. Það kom líka í ljós að hluti þeirra sem voru með talstöðvar voru að nota þær í fyrsta skipti og gekk það ekki vel fyrir sig. Þarf að vera regluleg þjálfun og fræðsla um notkun fjarskipta og meðferð þeirra fyrir þá aðila sem þurfa að vinna á slysavettvangi.

Virðingarfyllst

Jónína Sigurðardóttir

Kaflí 7

Skýrslur lausnaraðila

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Lögreglan Reykjavík	Bogi Sigvaldason

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Vettvangsstjóri

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Fjarskiptasamband milli björgunarsveita og verkþáttastjóra hefði mátt vera betra. Tillögur til úrbóta. Fyrirfram ákveðið að björgunarsveitarmenn með talstöðvar myndu fylgja verkþáttastjórum hvert fótímal.

Miðað við fjölda slasaðra í æfingunni þá varð mikil ringulreið á SSS og mikil umferð óviðkomandi þar inni sem jók mjög á álag á SSS. Til. til úrbóta. Fyrirfram þyrfti að vera ákveðið hvernig gæslu við SSS sé háttáð og tryggt að aðhlyningarstjóri hafi yfir hæfum mannskap að ráða, þ.e. við skráningu og gæslu.

Skráning slasaðra fór algerlega úr böndunum. Tillögur til úrbóta. Björgunarstjóri gefur “grófar” tölur í upphafi. Inn á SSS verði einungis talið inn fjöldi slasaðra ekki skipting í rauða, gula, græna. Þegar slösuðum er ekið frá SSS á sjúkrahús verði talningarpóstur í hliði (sem enginn á að komast framhjá), þá koma nánari tölur s.s. hvert farið var með viðkomandi sjúkling og hvort hann sé rauður gulur o.s.v frv. Aðgerðarstjórn og aðrir verða að sætta sig við að fá ekki staðfestar tölur fyrr en við talningarpóst. Aðgerðarstjórn verður að vera í beinu símasambandi við aðhlyningarstjóra og talningarpóst.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Í raun má segja að æfingin hafi farið mjög vel fram. Starfseiningarnar koma til með að nýta reynsluna og slípa verk sín eftir því. Vinna við að slökkva elda, klippivinna, aðhlyning slasaðra og flutningur á SSS, greining og flutningur á sjúkrahús gekk vel miðað við gífurlegan fjölda slasaðra. Eins gæslustörf og ytri lokanir. Einnig má segja að innri lokanir hafi gengið vel miðað við stærð vettvangs. Björgunarsveitarmenn virtust vel agaðir og skipulagðir og sinntu störfum sínum með sóma.

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Hjúkrunarfræðingur	Ellen Björnsdóttir

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Aðhlyningarstjóri á SSS

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

1. Fjarskiptin. Í upphafi æfingar var hægt að ná til þeirra aðila sem þurfti að ná í. En fljótlega var það erfitt og á köflum ekki hægt. Menn voru allmennt alltof málgláðir á rásinni.
2. Skráningin. Allt of flókin/tímafrek skráning sem ekki er hægt að framkvæma við þær aðstæður sem þarna sköpuðust. Þeir sjúkl. sem koma til með að flokkast rauðir/gulir geta sjálfsagt aldrei gefið upp þær upplýsingar sem sóttst var eftir þarna. Skráninguna þarf að endurskoða/einfalda til muna. Síðan krafan um að fá faxaðar eða sendar skýrslur um skráða sjúkl, tók bæði alltof mikinn tíma og olli töluverðu ónæði.
3. Flutningar frá SSS fóru allt of seint af stað, samspil læknis og aðhlyningastjóra var ekki nægilega gott.
4. Vistir bærust ekki eins og beðið hafði verið um.
5. Getur verið erfitt að virkja fólk á SSS s.s. björgunarsveitafólk þar sem aðhlyningastjóri hafði ekki tíma til að setja sig inní kunnáttu þeirra og getu m.t.t slasaðra.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

1. Tveir hópar úr greiningasveit (tveir læknar, 4 hjfr.) voru fyrstir á SSS ásamt ráðandi lækni og aðhlyningastjóra. Greiningasveitirnar stóðu sig með afbrygðum vel, voru fljót að mæta á SSS og nokkrar mínútur tók þau að setja upp aðstöðu til að taka á móti sjúkl. Vinna þeirra við greiningu slasaðra var hreint frábær allt þar gekk eins og smurt.
2. Gott var að fá hjálparsveitarmann á talstöðina, nauðsynlegt.
3. Á svæði grænna sá starfsfólk Rauða Krossins að mestu um ásamt lækni sem var í þeirra hóp. Skemmst er frá því að segja að skráning þeirra og vinna var frábær og sinnu þeir starfi sínu óaðfínanlega. Mikil hjálp í þeim
4. Lögregla kom á staðin og sá um að vísa því fólki frá sem ekkert erindi átti á SSS sem einnig hjálpaði okkur.
5. Eftir að flutningar hófust af SSS gengu þeir greiðlega

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Birgir Finnsson

Flugslysaæfing BIRK, september 2004

Það hefur verið skoðun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins SHS að undirbúningur vegna flugslysaáætlunar á höfuðborgarsvæðinu ætti að liggja hjá aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins eins og aðrar neyðaráætlanir á svæðinu. Um það náðist hins vegar ekki samkomulag og var hún því unnin á öðrum vettvangi.

Jafnframt hefur SHS komið þeirri skoðun á framfæri að ávallt eigi að nýta þekkingu og reynslu sem best miðað við aðstæður hverju sinni. Innan slökkviliðsins er vegna daglegrar þjónustu við flugvöllinn og björgunarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu mikil þekking á björgunarstarfi og aðstæðum á vellinum. Það sé því eðlilegra að nýta þessa þekkingu og reynslu þannig að fulltrúi SHS farið með vettvangsstjórnun við slys á flugvellinum.

Vegna umræðu um ofangreind atriði og vinnu sem nú fer fram varðandi skipulag almannaþinga og aðgerðarstjórnar höfuðborgarsvæðisins hefði verið eðlilegra að fresta þessari æfingu, þannig að skipulag og stýring á efri stigum lægi fyrir. Þar sem æfingin var haldin verður það vonandi til þess að þau atriði verði skoðuð með æfinguna sem reynslu.

SHS tók þátt í flugslysaæfingunni með einni vakt og nokkrum aukamönnum. Allar stöðvar voru fullmannaðar vegna þeirrar daglegu þjónustu sem slökkviliðið sinnir, en í raunveruleikanum yrði ekki um slíkt að ræða. Stórútkall alls slökkviliðsins myndi eiga sér stað þannig að gera má ráð fyrir að afl liðsins yrði 2-3 sinnum meira en það var við æfinguna.

Haldnir voru undirbúningsfundir með þeim sem tóku þátt í æfingunni og voru í lykilhlutverki. Eftir æfinguna var haldinn fundur með öllum sem tóku þátt og tók NB læknir þátt í þeim fundi. Lykilaðilar höfðu síðan framsögu á rýnifundi sem haldinn var daginn eftir æfinguna. Lykilmenn á æfingunni hittust síðan og fóru yfir alla þætti hennar og þau atriði sem komu fram á henni og í umræðunni á eftir.

Slökkvi- og björgunarstarf

Flugvallarstöð einbeitti sér að slökkvistarfi, aðrar stöðvar til aðstoðar og í björgunarvinnu í framhaldinu. Skipulag riðlaðist m.a. vegna fjarskipta. Þegar mannaflí bættist við var vettvangi skipt í þrennt og stjórnun dreifðist og björgunarstjóri náði betri yfirsýn og nýtti sér aðstoðarmann, sem tók mikið álag m.a. varðandi fjarskipti. Nokkrir punktar sem komu fram voru:

- Slökkviliðsmenn verða að nýta þann hlífðarbúnað sem þeim er skaffaður, s.s. reykköfunartæki.
- Einfaldar æfingar ekki síst með froðu, prófanir og annað þarf að auka á flugvelli. Jafnframt stærri æfingar um verkþætti sem SHS sinnir.
- Skoða þarf hvernig hægt er að minnka fjarskiptaálag á björgunarstjóra í upphafi m.a. með því að láta einingar á leið á vettvang hafa samskipti á annarri rás en notuð er á slyasvæði. Móttaka bjarga er mikilvægt.

- Fjarskiptaskipulag þarf að vera daglegt og stækka. Eldstaður/slysstaður og upp úr.
- Þegar fleiri aðilar vinna saman s.s. SHS, björgunarsveitir þarf að tryggja fjarskipti á milli t.d. með því að stjórnandi fái til sín aðstoðarmann úr röðum björgunarsveitanna sem þá sér um fjarskiptin við sína menn.
- Flýta þarf uppsetningu innra biðsvæðis eins og hægt er

Fyrsta greining og aðhlyning á vettvangi

Fyrsta greining á vettvangi fór nokkuð fljótt af stað. NB-læknir og sjúkraflutningamenn. Aðhlyning fór seint af stað og virðist hafa byggst á einhverjum misskilning, æfingarlegs eðlis. Mikill tími fór í talningar og fjarskipti vegna þess þáttar. Flutningar af svæðinu töfðust.

- Fara þarf yfir hlutverkaskiptingu og skipulag við fyrstu greiningu á vettvangi og þá leggja áherslu á skilgreind hlutverk fyrstu aðila, lækna, sjúkra-flutningamanna og stjórnenda SHS, nýta þekkingu og reynslu hvers og eins.
- Leggja þarf skýra áherslu á stjórnunarhlutverkið, en á vettvangi sem þessum þarf afgerandi stjórnun. Það er hlutverk björgunarstjóra og þess sem hann skipar sem stjórnanda vissra þátta/svæða.
- Notkun greiningaspjalda var tafsöm á vettvangi. Einfaldara væri að nota aðrar leiðir s.s. lituð bönd við fyrstu greiningu og spjöld yrðu notuð síðar í ferlinu, t.d. á SSS.
- Fara þarf yfir nauðsyn þess að við fyrstu greiningu sé um grófa greiningu og talningu að ræða. Á æfingunni fór allt of mikið afl í talningar.
- Eftir fyrstu greiningu ætti jafnframt að reyna að tryggja að þeir sem á eftir koma fái fyrirmæli um hverjum á að sinna og hvernig. Þar þarf þó að leggja áherslu á að ekki er gert ráð fyrir miklum aðgerðum á vettvangi.
- Á flugvelli þyrfti að vera til staðar kerra með stórslysabúnaði, börum, teppum og sjúkrabúnaði.
- Tryggja þarf aðilum nauðsynlegan hlífðarfatnað til að starfa á óöruggum vettvangi, en sjúkraflutningamenn hafa jafnframt slökkvigalla, en það hafa NB læknar ekki.

Söfnunarsvæði slasaðra

Söfnunarsvæðið var sett upp í slökkvistöðinni. Nokkur ringulreið myndaðist á söfnunarsvæðinu og var nokkur uppsöfnun á slösuðum þar. Þar vantaði afgerandi stjórnun og þá er rétt að benda á sama og varðandi fyrstu greiningu, að nýta þarf það afl sem er til staðar á svæðinu, þekkingu, þjálfun og reynslu.

- Í raunveruleikanum má gera ráð fyrir því að mjög fljótt hefði verið farið í að flytja nokkra rauða sjúklinga beint á spítala án viðkomu á söfnunarsvæði, enda það svæði þá ekki tilbúið til að taka við þeim.
- Nýta þarf betur þekkingu og reynslu. Greina þarf á milli aðhlyningar og síðan uppsetningu og “rekstri” svæðisins. Yfirfara þarf þennan þátt SÁBF kerfisins og þá með það til hliðsjónar að leggja áherslu á

stjórnun þeirra hlutverka sem snúa að aðhlyningu (Medical Command) og síðan stjórnun á heildarsvæðinu og samskipum við aðra.

- Aðkoma, akstur að og frá SSS á sama stað skapar ringulreið.
- Aðstaðan er ágæt, en ýmsir möguleikar eru á því að skipuleggja húsnæðið betur fyrirfram ef það á að verða framtíðarstaður SSS.
- Ganga þarf frá og skipuleggja aðkomu bráðatækna að greiningarsveit LSH.
- Ákvörðun um flutninga frá söfnunarsvæði þarf að vera skýr, hverjir eigi að fara fyrstir og skýr fyrir mæli.
- Skoða þarf heildina vettvangur (greining, aðhlyning), flutningar, SSS, flutningar LSH með tilliti til flæðisins, hvernig er getan og hvar eru flöskuhálsar sem þarf að taka á.

Stjórnun á vettvangi

Verkþáttastjórar stjórna hver sínum verkþætti. Undir hvern verkþáttastjóra geta verið aðrir stjórnendur að stjórna ákveðnu verkefni / svæði. Vettvangsstjóri á að stjórna heildar-aðgerðum og verkþáttastjórar heyra undir hann. Á æfingunni var björgunarstjóri og flutningsstjóri frá SHS, aðhlyningarstjóri frá LSH og gæslustjóri frá LR. Vettvangsstjóri kom frá LR og var staðsettur í stjórnstöðvarbifreið flugbjörgunarveitarinnar.

- Nokkuð vantaði upp á afgerandi stjórnun, skýra og nauðsynlega ákvörðunartöku. M.a. þarf að skýra þurfi hlutverk stjórnanda og þá ekki síst þegar aðilar frá ólíkum viðbragðsaðilum eru að vinna saman s.s. flutningastjóri/aðhlyningarstjóri, vettvangsstjóri/verkþáttastjórar, stöðvarstjórar/NB-læknir.
- Vettvangsstjóri fylgdi ekki eftir verkþáttum og ýtti ekki á eftir aðgerðum sem gengu hægt, fóru of seint af stað eða hreinlega vantaði.
- Í vettvangsstjórn voru 3 lögreglumenn, 1 björgunarsv. og 1 frá SHS.
- Vettvangsstjórn var meira þjónusta en stjórnun. Engar afgerandi ákvarðanir eða heildaryfirsýn. Vettvangsstjóri þarf að hafa þekkingu, þjálfun og reynslu af stjórnun og samhæfingu aðgerða. Ef ekki þá er spurning hvort þetta sé þá að verða óþarfa milliliður milli verkþáttastjóra og aðgerðarstjórnar.
- Verkþáttastjórar þurfa að hafa þekkingu, þjálfun og reynslu fyrir þau verkefni sem þeir eru að fást við. Tryggja þarf að þeir nái að sinna sínu stjórnunarhlutverki og við svona stórar aðgerðir t.d. með því að þeir hafi aðstoðarmenn sem taki af þeim vissan hluti til að létta undir.

Vettvangsstjórn - aðgerðastjórn - samræmingarstöð

Við þessa æfingu var sett upp sama skipulag hvað varðar stjórnun og á landsbyggðinni. Sérstaða höfuðborgarsvæðisins er hins vegar töluverð, en þar eru til staðar með sólarhringsvöktum NL, FML, slökkvilið, sjúkraflutningar, þar af einn með lækni í áhöfn, lögregla, stærstu sjúkrahúsin auk þess sem útkallsgeta aðila s.s. björgunarsveita, RKÍ og fleiri er mun meiri. Hlutverk samræmingarstöðvar AVRÍK er takmarkað enda um samræmingu að ræða milli landshluta. Því þarf að fara yfir þetta með hliðsjón af þessu og nýta það afl, þekkingu, þjálfun og reynslu auk staðsetningar þessara aðila.

Við þessa æfingu fór of mikið afl og tími í að margir aðilar væru að vinna sömu verkin. Þannig var vettvangsstjórn, aðgerðarstjórn og samræmingarstöð oft að vinna of mikið sömu hlutina. M.a. er mögulegt að þeir sem höfðu stjórnunarhlutverk hafi því ekki getað sinnt því sem skyldi.

- Skipting aðgerðastjórnar setur fram spurningar. Ljóst að slökkviliðið sinnir stjórum hlutum framkvæmda en samt er lögreglumaður settur yfir það hlutverk. Er verið að nýta rétt þekkingu, þjálfun og reynslu?
- Aðstaða aðgerðarstjórnar þarf að vera betri og liggja betur fyrir í upphafi. Ekki má fara dýrmætur tími í að setja upp aðgerðastöð af þessu tagi.
- Allir í aðgerðastjórn þurfa að hafa þekkingu og þjálfun vegna þessara starfa. Skipuleggja þarf þjálfun fyrir þá sem eru í aðgerðastjórn og starfsmenn sem nýttir eru við störf aðgerðastjórnar.
- Vegna stjórnunarlaga myndaðist oft óþarfa álag frá næsta stigi. Samræmingarstöð ýtir á aðgerðastjórn, aðgerðastjórn á vettvangsstjórn og vettvangsstjórn á verkþáttastjóra. Verið að leggja áherslu á hluti svo sem stöðugar talningar, talninganna vegna. Þær ættu að koma á seinni stigum.
- Við atburði sem þessa mæðir mikið á viðkomandi slökkviliði. Ef aðstoð þarf að koma utan umdæmis er það með ólíkindum að enginn fulltrúi slökkviliða skuli vera í samræmingarstöð.

Margt mælir með því að skoðað verði samstarf milli aðgerðastjórnar höfuðborgarsvæðisins og samræmingarstöðvar almannavarna, en það gæti verið á ýmsa vegu.

- Aðgerðarstjórn þarf að hafa fastan ákveðin samastað þar sem hægt er að setja upp stjórnstöð eftir fyrirfram ákveðnu plani.
- Samræmingarstöðin er til að samræma milli umdæma, loftbrú o.þ.h. Litlar líkur eru á slíku við slysa á höfuðborgarsvæðinu og þó slíkt yrði væri það eitthvað sem kæmi ekki til fyrst um sinn og væri ekki aðkallandi.
- Þegar slysið er á höfuðborgarsvæðinu er ekki eðlilegt að starfsmenn NL og FML þurfi að yfirgefa sínar starfsstöðvar og fara inn á samræmingarstöð, sem hefur litlu hlutverki að gegna. Frekar væri að þessir starfskraftar störfuðu áfram í sínum starfseiningum eða yrðu starfsmenn aðgerða-stjórnar, nema samstarf náist um eina stjórnstöð þessara aðila.
- Við þessa æfingu fór allt of mikið afl og of mikill tími í að margir aðilar voru að vinna sömu verkin. Þannig var vettvangsstjórn, aðgerðarstjórn og samræmingarstöð oft að vinna að sömu hlutunum. M.a. er ekki ólíklegt að þess vegna hafi viðkomandi aðilar ekki getað sinnt sínu stjórnunarhlutverki.

Með samvinnu væri verið að samnýta mannafla, þekkingu og búnað og setja þessar stöðvar saman sem eina. Þannig nýtist þekkingin báðum aðilum til frekari úrvinnslu og við næstu útköll, hvar sem þau eiga sér stað.

Ljóst að samræmingarstöð þarf að vera til staðar við stærri aðgerðir út á landi sem kalla á mikla samvinnu og samræmingu vegna smæðar viðbragðsaðila á stórum hluta

á landinu. Staðan verður hins vegar önnur þegar aðgerðirnar eiga sér stað á höfuðborgarsvæðinu.

Fjarskipti

Keyrt var eftir skipulagi sem unnið var fyrir æfinguna og virkaði það vel að mörgu leyti. Fjarskiptaleiðir lágu fyrir, möguleikar neyðarlínu og síðar aðgerðastjórnar varðandi yfirsýn fjarskipta voru góðir, en helstu annmarkar sem upp komu voru:

- Mikið var kvartað undan því að menn kæmust ekki að í fjarskiptum þegar álag var mikið. Ekki var endilega um að ræða að fjarskipti væru í gangi á talhópnum sem viðkomandi var stilltur inn á.
- Fara þarf yfir afkastagetu Tetra kerfisins við atburði sem þessa. Ef aðeins næst samband við einn sendir getur hann aðeins þjónað þrem talhópum.
- Tryggja þarf að skilyrði samnings Tetra um að neyðarþjónusta hafi forgang fram yfir aðra notendur.
- Leggja þarf áherslu á gott fjarskiptaskipulag og fjarskiptareglur sem miða að því að hafa stutt og hnitmiðuð samskipti.
- Tryggja þarf aðgang lykilaðila að númeraskrá Tetra. T.d. þegar stöð festist inni vegna mistaka, lykklar inn og teppir talhóp þá er hægt að sjá hver er með þá stöð. Þannig er möguleiki að hafa samband við viðkomandi á annan hátt og benda honum á að hans stöð teppi talhópinn.

Aðgerðir utan höfuðborgarsvæðisins

Æfingin undirstrikar að ef slys utan höfuðborgarsvæðisins hefur töluverð áhrif á viðbúnað á höfuðborgarsvæðinu verður að kalla út aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins. Það er en frekari rökstuðningur fyrir samstarfi aðgerðarstjórnar og samræmingarstöðvar.

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík	Ottó Eðvarð Guðjónsson

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?
Sá um hópinn sem FBSR var með í æfingunni og fylgdist með honum úr fjarlægð.

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

<p>1/ Færa tóma bíla hraðar frá SSS svo aðrir komist að Tillaga að lausn: burðarmenn SSS taka úr bílunum svo bílstjóri og aðstoðarmaður hans komist strax á slysstað aftur. Hafa því 2-3 burðamannateymi við SSS.</p> <p>2/ Ytri lokun við Nauthól var ekki og borgarar stanslaust að keyra í gegnum slysstað. Tillaga að lausn: Tala við Gæslustjóra sem sendir bíl á staðinn</p> <p>3/ FBSR fannst óhentugt að handskrifa nöfn, kennitölur, kallmerki, búnað ofl til að senda AS á faxi. Tillaga að lausn: Senda með E-mail og fá staðfestingu á honum til baka</p> <p>4/ VS bendir bj.manni að kalla á flutningsstjóra sjálfur, gallinn er að flutningsstjóri er með TETRA og bj. Með VHF. Tillaga að lausn: aðstoðarmaður flutningsstjóra er með VHF, flutningastjóri þarf aðstoðarmann á fyrstu stigum æfingarinnar</p> <p>5/ Rannsóknarparturinn er ekki að neinum hluta í áætlun FFR og eru ástæður og orsakir slyssins í hættu vegna umferðar á stöðum sem ekki þarf að hafa umferð á ofl. Tillaga að lausn: Flugmálastjórn setur sig í samband við RNF til að finna Aðferð til að vernda ákveðna hluti á frumstigum slyssins</p> <p>6/ Skyndihjálpmenn í leit og leitarmenn í skyndihjálpi Tillaga að lausn: fá nánari bakgrunnsupplýsingar um Bj. Menn áður en þeim hæfileikum sem einstaklingarnir hafa er sóað</p> <p>7/ Skyndihjálpmenn ekki teknir trúanlegir í greiningarstöð, ágreiningur Tillaga að lausn: Fræða greiningarteymi um getu bj. Mann í dag sem er orðin þökkalega mikil.</p> <p>8/ Vantar betra skipulag innan greiningarsvæðis og þá sérstaklega þegar flytja á burt þaðan Tillaga að lausn: Aðhlyningarstjóri verður að finna aðila til að dæla liði út á meðan hún sér um að taka á móti</p> <p>9/ SSS í slökkvistöðinni er þröngt rými, SSL er stórt og látnir þurfa ekki svona mikið pláss. Tillaga að lausn : víxla og fá þar með betri aðskilnað á sjúklingum og koma fleiri frumgreiningarborðum á svæðið.</p> <p>10/ Rauðir sjúklingar biðu bið hliðina á tómun sjúkrabílum sem er ekki gott því tveir rauðir fylla bíl og skal flytja strax. Tillaga að lausn: menn verða að vera frekari á bíla og koma tveimur rauðum sem fylla einn bíl strax af stað.</p>

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

- 1/ Fjarskiptatal var yfirvegað, skiljanlegt og skýrt bæði í máli og fyrimælum.
- 2/ Förðun sjúklinga mjög, mjög góð sem jók á raunveruleikafaktorinn
- 3/ Sjúklingarnir margir hverjir lifðu sig mikið inn í hlutverkið sem var frábært
- 4/ Undirbúningsvinnan fyrir æfinguna var vel skipulögð og mikið efni til staðar á heimasíðu FMS til að nálgast hvenær sem var.
- 5/ Viðbragðsaðilar margir hverjir mjög vel undirbúnir og jákvæðir, samstarf viðbragðsaðila var gott á æfingunni, ekkert svæðaskiptingaröfl.
- 6/ Æfing á gönguhraða er æfing sem lærdómur fæst af og við FBSR menn lærðum mikið á æfingunni.

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Slysavarnafélagið Landsbjörg – Svæðisstjórn Svæði 1	Gísli R. Ólafsson

1. Fulltrúi Svæðisstjórnar af svæði 1 er einn af þrem sem skipa vettvangsstjórn samkvæmt flugslysaáætluninni. Hann hafði hins vegar ekkert hlutverk innan vettvangsstjórnar. Á sama tíma var einn lögreglumaður sem sá bæði um áætlanir og framkvæmdir.
2. Lítið samstarf var innan VS, hver aðili notaði sína Tetru og náðist því engin yfirsýn. Margir fóru oft í að leysa sama verkeið því sama beiðni kom frá bæði lögreglu og frá slökkviliði um einhvern hlut. Þá fóru bæði fulltrúi lögreglu í VS og fulltrúi slökkviliðs í VS að sinna því. Með öðrum orðum, ekki nægilega skýr verkaskipting samkvæmt SÁBF og því lítið samstarf innan VS. Eini aðilinn sem vildi vinna faglega innan VS á þessari æfingu var Aðstoðarvettvangsstjóri.
3. Engin yfirsýn yfir björgunarlið hjá VS, FS sendi beint á aðra verkþáttastjóra skv. þeirra beiðni. Þetta orsakaði vöntun í ákveðnum verkþáttum í rúma ½ klst. því sá verkþáttastjóri sem bað um mest fékk mest og þar af leiðandi aðrir ekkert eða minna.
4. Að sama skapi var björgunarliði ekki beint þangað sem þeirra sérhæfða kunnátta lá. Sérhæfðir skymenn voru sendir í gæslu og svo framvegis.
5. Vegna liðs 3 var að sama skapi ekki nægileg færsla á björgunarliði þ.e. þegar minna fór að vera í björgun hafði VS ekkert frumkvæði að því að færa yfir í AS þrátt fyrir ábendingar þar um frá SV1.
6. VS bað björgunarlið ítrekað um að hafa samband við FS, hann var með Tetra en björgunarlið með VHF. Þrátt fyrir að SV1 hafi ítrekað bent á þetta í VS var ekki tekið tillit til þessa og því þurfti SV1 að fylgjast með hvað var að gerast, stökkva framfyrir fjarskiptamann og tilkynna á VHF. Það er nauðsynlegt að með hverjum verkþáttastjóra séu aðilar sem sjái um fjarskipti á VHF og jafnvel einnig á Tetra fyrir þann aðila. SV1 er tilbúið að útvega og skipa aðila sem fjarskiptamenn verkþáttastjóra.
7. Björgunarlið ítrekað sent á slyssað án nánari leiðbeininga. Bílar keyrðu til dæmis út á flugbraut en áttu að mæta í Hlíðarfót.
8. AS gaf engan vinnufrið, álitu það greinilega hlutverk sitt að fá stanslausar upplýsingar frá VS. VS gerir þau mistök að segjast vera að vinna í málinu í stað þess að segja “Við erum uppteknir, komum með þessar upplýsingar þegar við getum”
9. Allt handskrifað í VS, þrátt fyrir að boðin hefði verið tölva og Aðgerðastjóri á skrifborðsæfingu ásamt vönum björgunarsveitarmanni til að skrá var það afþakkað. Þessi í stað handskrifaði lögreglan “allt” á skrifblokk. Þetta sýnir ekki merki um öguð vinnubrögð og teljum við í Svæðisstjórn að þar með hafi verið gert lítið úr þeirri reynslu og þekking sem við höfum áunnið okkur í að vinna eftir SÁBF og halda á fagmannlegan hátt utan um upplýsingaflæði.
10. YL gekk seint og illa m.a. vegna þess að VS hafði ekki framsýni til að útvega bjsv.menní verkefni heldur lét viðgangast að senda alla strax í önnur verkefni.
11. Mætanga björgunarsveitanna til skammar. Við eigum að geta útvegað mun stærri hóp.

12. Ekki voru markaðar neinar aksturs- og gönguleiðir til að frá slysstað svo að verndun gagna var ekki tryggð.

Í stuttu máli var RVK og KEF eins og svart og hvítt. Allt sem fór úrskeiðis á RVK hafi tekist á KEF. Í KEF var hugsað um hag þessa slasaða en í RVK var hver að skara að sinni köku.

Þrátt fyrir að hlutirnir séu orðaðir hart hér er frekar verið að draga úr en hitt. Við teljum hins vegar mjög mikilvægt að við lærum af mistökunum og ef menn eru ekki tilbúnir að ræða þau og viðurkenna þá lærum við ekkert.

Flugslysaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Aðgerðarstjórn	Karl Steinar Valsson

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Aðgerðarstjóri

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Heildarverkþáttur gekk vel fyrir sig og ég tel að viðbragðsaðilar ráði við svona verkefni. Þó eru nokkur atriði sem þarf að lagfæra.

1. Ljóst er að breyta þar skráningarmálum/ talningum sem voru og flókin og því hætta á að fari úrskaiðis ef um raunverulegt tilvik væri að ræða.
2. Of mikill tími fór í að kalla eftir upplýsingum sem takmörkuðu störf vettvangsstjórnar til sinna verkþátta.
3. Nauðsynlegt er að þjálfa starfsmenn LSP í notkun á talstöðvum eða setja með þeim einstaklinga sem kunna slíkt sem hugsanlega er betri niðurstaða.
4. Skerpa þarf á upplýsingum frá LSP og öðrum hjálparaðilum og væri td beinlínutenging ein lausn þess máls.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Mér fannst áberandi að menn fóru í verkefnið með þau markmið að standa sig vel og leggja sig fram. Flestir höfðu kynnt sér vel efnið og verkþátt sinn og fengið að auki góðan undirbúning.

Það var ekki nein stór brotalöm sem kom fram sem hindraði eðlilegan gang svona mála heldur minni háttar mál sem þarf að lagfæra.

Flugslýsaæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Flugturn	Aðalsteinn Leifsson

Boðun:

Þegar boðunin var undirbúin kom í ljós að starfsmenn höfðu skilið upplýsingar um notkun Tetra stöðvar sem átti að nota til boðunarinnar á mismunandi vegu. Misskilningnum var eytt með samtali við Neyðarlínuna og gat boðunin því farið fram á þann máta sem búið var að skipuleggja. Boðunin fór semsagt fram í gegnum Tetra og turninn lét varðstjóra Flugstjórnarmiðstöðvar vita. Neyðarlínan sá um að láta aðra vita af ástandinu.

Æfing:

Æfingin gekk greiðlega fyrir sig frá okkar sjónarhóli, mikið þúður virðist hafa verið sett í að undirbúa alla aðila hér á vellinum undir hana en þó var ákveðið að fresta því að æfingin hæfist til að leyfa þotu að fara í loftið.

Brautarendi 31 var lokaður allan tímann sem æfingin stóð og breytti það miklu um samskipti fylgjandi akstri yfir brautir og minnkaði því mjög allt álag á turninn. Vegna veðurs var nánast ekki um neitt einka- eða kennsluflug að ræða.

Fjarskipti:

Á æfingunni notuðum við í turninum tvær Tetra stöðvar, önnur notuð einungis við boðun, en hin hugsuð sem samskiptaleið við vettvangsstjórn ef á þyrfti að halda. Eldri stöðin var semsagt færð af þeirri bylgju sem hún er notuð hér daglega yfir á aðra og nýttist því ekki til akstursheimilda. Ef fleiri en viðbragðsaðilar fara að nota Tetra í samskiptum við turninn yrði líklega að fjölga enn lausum stöðvum í vinnuborði. Tillaga mín er að færa eldri stöðina inn í vinnuborðið og tengja hana við Frequentis og hafa tvær rásir á þeirri stöð sem hugsuð er sem krassími. Notkunin yrði þá þannig að þegar boðun hefur farið fram ætti að stilla hana á samskipti við vettvangsstjóra.

Flugslýsaáætlun:

Það þarf að fara yfir og samræma gátlista við flugslýsaáætlun og þá boðun sem var notuð var á æfingunni. Kynna þarf flugslýsaáætlunina fyrir starfsmönnum áður en hún verður tekin í notkun sem og æfa boðun. Einnig þarf að gera skýrt hvenær á að boða um krassíma, m.t.t. staðsetningar, eðli mála o.fl.

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Rannsókn	Þormóður Þormóðsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
RNF, kennslanefnd og lögregla

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangi

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfingin fór að mestu leiti vel fram hvað varða þátt RNF. Hinsvegar voru tvö atriði sem betur hefðu mátt fara og eru þau eftirfarandi:

1. Skráning á staðsetningu slasaðra fyrir brottflutning. RNF ber skylda til að reikna út þyngd flugvéla eins og hún var þegar slysið varð og því verður að liggja fyrir upplýsingar um staðsetningu þeirra sem í flugvélinni voru. Jafnframt ber nefndinni skyldu til að meta möguleika þeirra sem í flugvélinni voru að lifa slysið af og þarf því staðsetning allra að liggja
2. Verndun þess hluta vettvangs sem var utan við flugvallarsvæðið var lítil sem engin. RNF óskaði eftir að þessi hluti vettvangsins yrði girtur af og var það þá gert. Þetta var um einni klukkustund eftir slysið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

5. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

Flugslysæfing Reykjavík 2004 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Samhæfingarstöð almannavarna	Gyða Á. Helgadóttir

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Skráningin

Skráningin fór ekki vel. Upplýsingar bárust lengi vel að því er virtist ekki frá vettvangsstjórn (VS) til aðgerðastjórnar (AS) og þar af leiðandi fékk samhæfingarstöðin ekki upplýsingar til að byggja á, til úrvinnslu. Þegar líða tók á, virtist sem margar einingar væru að skrá sömu upplýsingarnar.

Nauðsynlegt er að nægjanlegar upplýsingar berist til allra sjúkrahúsa sem þurfa að undirbúa móttöku slasaðra og einnig til að aðgerðastjórn og samhæfingarstöðin hafi yfirsýn yfir aðgerðina til að unnt sé að gera áætlanir og hugsa næstu skref og fyrir Rauða kross Íslands svo hægt sé að gefa aðstandendum upplýsingar um sína nánustu.

Þörf er á að skoða skráningarmálin heildstætt með öllum þeim aðilum sem koma að skráningu og úrvinnslu. Þörf er á að einfalda skráninguna og fara yfir hvaða upplýsingar þurfa að vera tiltækar á hverjum stað og hvert upplýsingarnar þurfa að berast. Rétt er að það komi fram að skv. samkomulagi um skipan hjálparliðs almannavarna þá sér RKÍ um úrvinnslu skráningar og upplýsingagjöf til aðstandenda.

Sjúkrahús

Landspítalinn háskólasjúkrahús (LSH) hafði aðra aðkomu að atburðinum en ef atburðurinn hefði gerst utan höfuðborgarsvæðisins. Nú var spítalinn innan héraðs. Samhæfingarstöðin hefur ákveðið verklag í upplýsingagjöf til LSH þegar verið er að flytja sjúklinga frá landsbyggðinni til LSH. Við þessar breyttu aðstæður þá skapaðist smá ruglingur varðandi þetta atriði en samhæfingarstöðin átti ekki að vera í beinu sambandi við LSH nema ef verið hefði flutningur sjúklinga frá LSH út á land. Í þessu tilfelli hefði sambandið átt að vera við AS. Skýra þarf þetta atriði innan samhæfingarstöðvar.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Í þessari æfingu reyndi ekki mikið á samhæfingarstöðina. Hinsvegar gekk starfið innan samhæfingarstöðvar í heildina vel. Starfið fólst í útvegum bjarga og gerðar áætlanir um næstu skref.

Loftbrú var skiplögð og undirbúin ásamt sjúkrahúsum á landsbyggðinni ef flytja hefði þurft slasaða eða sjúka úr umdæminu. LSH var í stakk búinn til að sinna þessum fjölda og því reyndist ekki þörf á loftbrúnni.

Viðaukar

Flugslýsaæfingin REYKJAVÍK 2004

Rýnifundur á Hótel Loftleiðum 26.september 2004

Árni Birgisson Flugmálastjórn setti fundinn og kynnti dagskrá hans.

Sigurður Ólafur Sigurðsson Flugmálastjórn fór yfir úrvinnsluferli æfingarinnar og sagði að þetta væri stór og fjölbætt æfing þar sem margt gæti farið úrskaiðis bæði lausnarlegs og æfingalegs eðlis. Hann sagði að milli 500 og 600 manns hafi tekið þátt í æfingunni og útskýrði síðan í hvaða formi ætti að skila inn skýrslum til æfingastjórnar. Hann upplýsti um þrjá þætti sem vitað væri að eitthvað hafi farið úrskaiðis þ.e. skráning, flutningar og fjarskipti.

Vigdís Agnarsdóttir Flugmálastjórn upplýsti að 80 leikarar hafi leikið farþega og 40 aðstandendur og að allir þeir sem léku sjúklinga hafi fengið teppi með sér og hafi það mælst mjög vel fyrir. Hún sagði að sjúklingar hafi almennt verið ánægðir með þá meðferð sem þeir fengu. Vegna virkjunar á bráðamóttöku barna voru fengin börn allt niður í 7 ára til að leika sjúklinga og skemmtu þau sér frábærlega í hlutverkinu. Hún sagði að ýmsar gildirur hafi verið lagðar fyrir björgunaraðila eins og drukkarnir og dópaðir farþegar. Þá þakkaði hún þeim aðilum sem aðstoðuðu við förðun og undirbúning leikaranna.

Víðir Reynisson almannavarnadeild Ríkislögreglustjórnans þakkað öllum fyrir þátttökuna í æfingunni. Hann sagði að skráningin hafi ekki gengið upp og hafi reyndar gengið verr en oft áður. Hann sagði að tvö sjónarmið toguðust svolítið á þar sem væri að koma sjúklingum sem hraðast á sjúkrahús og svo að safna upplýsingum til að upplýsa aðstandendur. Hann sagði að við yrðum að hugsa þetta mál allt upp á nýtt og hafa í huga að í fyrsta forgangi værum við að bjarga mannlífum og síðan kæmi eftirvinnsla og rannsóknarhagsmunir.

Bogi Sigvaldason vettvangsstjóri sagði að æfingin hafi tekist mjög vel og öll vinna viðbragðsaðila á vettvangi hafi gengið vel. Mjög mikið álag var á ákveðnum póstum. Skráningin fór úr böndunum og taldi hann að fyrstu fimm bílar hafi gleymt að koma við á skráningarpósti. Hann sagði að starfsmenn vettvangsstjórnar hafi verið allt of uppteknir við að finna tölur yfir sjúklinga.

Þórir Karl Jónsson björgunarstjóri sagði að boðun hafi gengið vel. Hann sagðist hafa skipt vettvanginum upp í þrjár einingar og hafi vinna á vettvangi gengið vel. Skráningin gekk ekki vel eins og fram hefur komið. Hann sagði að bilun hafi orðið í einum slökkvibíl flugvallarins og hafi engin froða komið úr honum. Þá sagði hann að fjarskipti við vettvangsstjórn hafi verið afleidd og hélt hann um tíma að kerfið væri bilað. Hann sagði að samstarf við björgunarsveitir hafi gengið mjög vel en gott hefði verið að geta verið í beinu fjarskiptasambandi við þær. Hann sagðist hafa sett tvö tveggja manna teymi í forgreiningu. Í sambandi við sjúkraflutningana sagðist hann hafa fengið mjög seint upplýsingar um að SSS væri tilbúið. Einnig hafi hann þurft að forfæra sjúkrabíla og björgunarsveitir komu á rangann stað og væri þetta að öllum líkindum lélegum fjarskiptum að kenna. Hann bað um að fá körfubíl svo hann gæti fengið betri yfirsýn yfir vettvang en sá bíll kom aldrei.

Ellen Björnsdóttir aðhlyningarstjóri sagði að greiningarsveit hafi verið komin á vettvang kl. 12:45 og SSS tilbúið kl. 12:52. Hún sagði að greining og öll samskipti á SSS hafi gengið vel en einhver flöskuháls hafi myndast í flutningum og nokkur bið hafi verið eftir fyrstu sjúklingum. Fjarskipti gengu vel í byrjun en versnuðu verulega þegar á leið. Skráning á áverkaspjöld gekk vel. Þá sagði hún að æfingin hafi verið áhugaverð og lærdómsrík.

Árni Friðleifsson gæslustjóri sagði að fjarskipti hafi gengið illa. Hann sagði að ringulreið hafi skapast í upphafi við lokanir. Gott samband var við flutningsstjóra. Mesta vinna við gæslu var við SSS og þurfti að stjaka við gestum sem þar voru inni að spjalla saman. Reynt var að setja upp heilstætt umferðarskipulag en það gekk ekki upp. Björgunarsveitir stóðu sig vel við lokannir. Fíkniefni fundust á einum farþega og var hann fluttur í greiningu og síðan í fangelsi. Þrátt fyrir nokkra hnökra gekk æfingin vel en stóri gallinn var í fjarskiptunum.

Ríkharður Ásgeirsson flutningastjóri hrósaði viðbragðsaðilum fyrir gott viðbragð og sagði að flutningar hafi gengið smurt. Hann sagðist hafa látið hópana halda sér og allir hafi fengið þá þjónustu sem þeir báðu um. Hugsanlega hafi gæslan verið látin sitja eitthvað á hakanum. Hann sagði að flöskuháls hafi myndast þegar kom að flutningum frá SSS upp á LSH en það væri lítið mál að laga það.

Karl Steinar Valsson aðgerðarstjóri sagði að á skrifborðsæfingu á föstudeginum hafi nánast allt farið úrskeiðis en æfingin hafi gengið frábærlega miðað við allt sem fór úrskeiðis þá. Allt var til staðar til að klára þetta verkefni. Ljóst væri að við ráðum við svona verkefni, spítalarnir tóku við öllu, nægur mannaflí var til staðar, tæki og tól voru til staðar og mikil þekking og vilji til að klára verkið og allir gengu mjög skipulega til verks. Hann hrósaði sérstakleg sjálfboðaliðum fyrir þeirra þátt í æfingunni. Myndavél sem flutti video mynd frá vettvangi upp í aðgerðarstjórn hjálpaði mikið. Farþegalistar voru illlæsilegir þegar þeir komu úr faxinu. Ytri lokun gekk fljótt fyrir sig en ekki gekk eins vel að koma upp innri lokun og er brýnt að laga það. Skráningin er allt of flókin. Ekki er hægt að ætlast til að flókin kerfi virki ó kaos ástandi. Nægjanlegt ætti að vera að telja út af SSS. Hann sagði að öðru leit að ekki væru verulegir ágallar á kerfinu en fjarskipti gengu stundum treglega.

Brynjólfur Mogensen hópslysastjórn LSH sagði að vel hafi tekist til þótt sumstaðar mætti gera betur. Fjarskipti gengu vel innan blokka spítalans en laga þyrfti fjarskipti milli blokka. Of mikill tími fór í að leita eftir upplýsingum. Samskipti við AS verður að laga, eitt af hverjum fjórum símtölum fór í gegn. Skráning innan spítalans gekk vel. Skoða má hvort fyrstu rauðu sjúklingarnir færu beint á spítalann en kæmu ekki við á SSS. Upplýsingar um flokkun sjúklinga barst seint en það ætti að liggja fyrir eftir 20 – 25 mínútur en þar er um mjög mikilvægar upplýsingar að ræða fyrir spítalann. Læknir á SSS var ánægður með gang mála þar. Þá sagði hann að eftir því sem allt skipulag væri einfaldara því betra væri það.

Jóhann Thoroddssen sálræn skyndihjálpar RKÍ sagði að á þessari æfingu ynnu í fyrsta sinn kirkjan, RKÍ og LSH náði saman og gekk það vel enda ver töluvert lagt í undirbúninginn. Sagðist hann mjög ánægður með samvinnu þessara þriggja stofnanna og líta björtum augum til framtíðar hvað það varðar. Þetta er nýtt fyrirkomulag var hnotið um ýmis smáatriði. Slípa þarf betur saman verkefni presta og RKÍ fólks. Um 40 aðstandendur komu á SSA og léku þessir sjálfboðaliðar mjög vel. “Aðstandendur”

fengu strax svo góða aðhlyningu og svör við sínum spurningum frá hjálparliðum að stundum var ekki hægt að halda áfram að leika. Ekki virtist ljóst á bráðamóttöku barna hvenær ætti að kalla út áfallahjálp. Kalla þurfti út túlk vegna þýsksrar stúlku sem talaði ekki íslensku.

Guðrún Jósafatsdóttir fjöldahjálparstöð sagði að fjöldahjálparstjórn hafi verið virkjuð að Laugavegi 120, SSA í Grensáskirkju og fjöldahjálparstöð í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hún sagði að 37 aðstandendur hafi leitað til SSA og þar hafi 13 sjálfboðaliðar verið að störfum. Um 50 símtöl voru afgreidd í 1717. Hún sagði að bæta mætti úr merkingum við SSA og einnig úr fjarskiptum. Í heildina gekk allt vel en lítilsháttar fínþússningu vantaði á sumum stöðum.

Pormóður Pormóðsson Rannsóknarnefnd flugslysa sagði að æfingin hafi verið mjög gagnleg. Útkallið gekk mjög vel og mjög gott samstarf var við lögreglu og ID nefnd. Hann sagði að eftir að björgunarstörfum var lokið hafi hann fengið vettvanginn formlega afhentan til rannsóknar. Þá sagði hann að verndun vettvangs utan girðingar hafi verið ábótavant og ekki hafi verið skráð í hvaða sætum farþegar sátu. Einnig sagði hann frá samstarfssamningi milli RNF og FBS.

Karl Steinar Valsson sagði að fréttatilkynning hafi verið send út seinna en venja er til. Hann sagði að einhver yrði að taka á móti fjölmiðlum á vettvangi til að missa ekki tókin á þeim. Þá sagði hann að gott væri að gefa fjölmiðlum upp e-mail í AS svo þeir geti haft samband.

Jónína Sigurðardóttir FML sagði að ekkert hafi farið úrskeiðis í fjarskiptunum en allir verða að gera sér grein fyrir að vel á annað hundrað stöðvar voru notaðar í æfingunni. AS var ekki nógu vel mönnuð til að annast öll þessi fjarskipti. Einnig hafi borið á því að notendur hafi ekki látið uppfæra stöðvarnar sínar. Síðan nefndi hún að þetta væri flókin búaður sem notendur þyrftu að æfa sig að nota fyrir æfinguna – ekki á æfingunni. Þá sagði hún að öll samvinna hafi verið góð og öll fjarskipti sérstaklega yfirveguð en þó mátti stundum heyra að aga skorti.

Jón Baldvin Pálsson flugvallarstjóri sagði frá því að verið væri að skipta yfir í TETRA kerfi við boðun frá flugturninum og hafi það virkað mjög vel þrátt fyrir að það væri ekki fullklárað. Hann sagði að samstarf flugvallarstarfsmanna og VS hafi gengið mjög vel og fjarskipti milli VS og verkstjóra einnig. Einnig voru samskipti við AS góð. Hann sagðist ánægður með æfinguna þakkaði fyrir öllum fyrir óeigingjarnt starf.

Gyða Helgadóttir samhæfingarstöð sagði að þar hafi allt gengið mjög vel en fyrirfram var vitað að ekki myndi reyna mikið á stöðina. Sett var upp loftbrú og móttökumöguleikar sjúkrahúsa á landsbyggðinni kannaðir. Þegar til kom reyndi ekki á loftbrúnna. Misvísandi skráningaupplýsingar voru að berast úr ýmsum áttum. Samskipti voru eingöngu við AS og gengu þau mjög vel.

Gísli R. Ólafsson formaður svæðisstjórnar SL svæði 1 sagði að SL hafi sent inn 16 hópa eða samtals 106 manns og hafi þeir komið að flestum verkþáttum. Boðun gekk vel og virkjaði SL sína eigin stjórnstöð. Slæmt var að verkþáttastjórar gátu ekki talað við björgunarsveitir þar sem þær væru ekki á TETRA. Hann sagði að sumir hópar voru notaðir í verkefni sem þeir voru ekki þjálfaðir í s.s. fyrstu hjálpar hópar voru

notaðir í leit og öfugt. Innan VS var ekki nægjanlega fylgt SÁBF kerfinu og mikið púður fór í talningar.

Mikael Ólafsson RNF námskeiði sagði að kynna þyrfti betur merkingar þáttakenda og einnig bakskipulags aðila og gesta. Einnig þyrfti að huga vel að öryggi á vettvangi. Hann sagði að það væri alveg ótækt að sjá björgunarsveitarmenn keyra sjúkrabíla.

Árni Birgisson Flugmálastjórn svaraði Mikael varðandi merkingar og sagði að þetta hafi ítrekað og ítarlega verið kynnt á fundum fyrir æfinguna en hafi augljóslega farið framhjá Mikael.

Vilborg Landlækni sagði að það væri gott að heyra hvað æfingin hafi gengið vel. Hún sagði að flutningar slasaðra af svæðinu hafi ekki gengið vel og það væri alls óásættanlegt að sjúklingar þurfi að bíða í allt að 2 tíma eftir flutningi.

Birgir Finnsson SHS sagðist hafa verið í gestahópnum og það hafi verið gott að fá tækifæri til að sjá allar starfsstöðvarnar. Hann sagði að á höfuðborgarsvæðinu væri til staðar miklu meira afl en á landsbyggðinni og þyrfti að nýta það betur í svona aðgerðum og taka tillit til þess í áætlunargerð. Það ætti einnig við varðandi stjórnstöðvar, að það sé margt sem mæli með samvinnu aðgerðastjórnar og samræmingarstöðvar. Hann taldi að hægagangur í æfingunni væri að hluta til því að kenna að búið var að leggja áherslu á að æfingin ætti að fara fram á gönguhraða.

Jón Baldursson LSH sagði að björgunaraðilar mættu aldrei gleyma hverjum þeir væru að þjóna og hvað væri þeirra markmið. Hann sagði að allar ákvarðanir í svona aðgerð væru teknar á fyrirliggjandi upplýsingum og nútíma fjarskipti eiga að gera okkur kleift að koma upplýsingum fljótt milli staða.

Bára Friðriksdóttir Samráðshópi áfallahjálpar sagði að prestar hafi í fyrsta skipti tekið þátt í svona æfingu og hafi þeir nú þurft að samhæfa sig við aðra verkþætti en þeir væru vanir að vinna einir. Það gekk vel hjá þeim og var samvinna þeirra og RKÍ fólks mjög góð. Grensáskirkja kom vel út sem SA, þar eru tveir starfsmenn og gott rími. Hún sagðist aldrei hafa ná símasambandi við LSH.

Otto Eðvarð Guðjónsson FBSR sagði að FBSR menn væru gríðarlega jákvæðir í garð æfingarinnar. Eitthvað bar á því að björgunarsveitar hópar voru ekki notaðir í störf sem þeir eru þjálfaðir í t.d voru skyndihjálpar hópar notaðir í leit og öfugt. Honum fannst SSS þröngt en aftur á móti var SSL í mjög stóru rími, spurning hvort ekki væri rétt að skipta.

Guðbjörg Pálsdóttir LSH sagði að flutningar hafi ekki farið nógu fljótt í gang. Einnig sagði hún að þó flutningsgetan væri mikil væri ekki gott að moka sjúklingum inn á sjúkrahúsin. Það mynda bara skapa öngþveiti það og leiða til meiri millispítala flutninga og hugsanlega flutninga á flugvöllinn aftur ef þyrfti að fljúga eitthvað með sjúklinga. Hún þakkaði öllum fyrir góða æfingu.

Þorvaldur J. Sigmarsson VS sagði að verkaskipting innan VS hafi verið samkvæmt SÁBF kerfinu. Einn fjarskiptamaður var í VS og sprakk hann fljótleg vegna mjög mikils álags í fjarskiptunum. Hann sagði að óskað hafi verið eftir björgunarsveitarmönnum með sérþekkingu. VS vissi fljótlega að greiningu á vettvangi

væri lokið en kom þeim upplýsingum ekki frá sér vegna álags á fjarskiptum. VS ákvað að notast við björgunarsveitarmenn við akstur á sjúkrabílum.

Agnes Þorvaldsdóttir Hjálparsveit skáta í Kópavogi sagði að mikill tími hafi farið í að sinna farþega sem var undir áhrifum vímuefna þar sem lögreglan tók björgunarsveitarmenn ekki trúanlega. Þetta bitnaði á öðrum sjúklingum. Merkingar á gestum gátu valdir ruglingi þar sem björgunarsveitir notast einnig við gul vesti. Hún sagði æfinguna hafa verið góða og lærdómsríka.

Árni Birgisson Flugmálastjórn þakkað öllum fyrir þátttökuna og sagði flugslysæfingunni Reykjavík 2004 slitið.

Kristján Torfason
ritari

Sambandslisti vegna æfingarinnar

Ráðgjafar

Starfseining (stofnun / samtök)	Nafn	Netfang	Vinnu sími	Farsími
Biskupsstofa	Carlos Ferrer	carlos.ferrer@kirkjan.is	551-4231	692-0088
Biskupsstofa	Guðrún Eggertsdóttir	gudrunegg@vortex.is		
Flugmálastjórn - fjölmiðlamál	Heimir M. Pétursson	heimirm@caa.is	569 4100	862-2868
Flugmálastjórn - flugumferðastjórn	Bergþór N. Bergþórsson	bergthor@caa.is	569 4141	897-9522
Flugmálastjórn - flugumferðastjórn	Kristján Torfason	kristjan@caa.is	569 4100	893-1165
Flugmálastjórn - flugvellir	Árni Birgisson	arnib@caa.is	569 7237	894-8272
Flugmálastjórn - flugvellir	Sigurður Ó. Sigurðsson	sigurduro@caa.is	569 4304	661 7161
Landsp. Fossv. / Landl.emb. - hjúkrunarfr.	Margrét Blöndal	marblond@landspitali.is	543 2095	824 5483
Landspítali Fossvogi - hjúkrunarfræðingur	Guðbjörg Pálsdóttir	guggap@landspitali.is	543 1000	824-5283
Landspítali Fossvogi - hjúkrunarfræðingur	Bára Benedikts	baraben@landspitali.is	543 1000	862-1780
Landspítali Hringbraut -	Gyða Baldursdóttir	gydabald@lsh.is		864-7473
Landspítali Fossvogi - læknir	Jón Baldursson	jonbald@landspitali.is	543 1000	824-5282
Lögreglan í Rvk	Ágúst Svansson	agust.svansson@lr.is	444 1000	843-1117
Rannsóknarnefnd flugslysa	Þormóður Þormóðsson	thormodur@mf.is	511-1666	660-0330
Rannsóknarnefnd flugslysa	Þorkell Ágústsson	thorkell@mf.is	511-1666	660-0333
Rauði kross Íslands	Herdís Sigurjónsdóttir	herdis@redcross.is	570 4048	899 2456
Rauði kross Íslands - leikarar / förðun	Vigdís Agnarsdóttir	vigdisbjork@hotmail.com	570 4036	894 9483
Rauði kross Íslands - sálræn skyndihj.	Jóhann Thoroddsen	johann.thoroddsen@redcross.is	570 4037	860 4744
Ríkislögreglustjórnin	Rögnvaldur Ólafsson	rognvaldur@rls.is		
Ríkislögreglustjórnin - almannavarnir, vettvangstj.	Víðir Reynisson	vidir@rls.is	568 6710	864 1759
Ríkislögreglustjórnin - fjarskiptamiðstöð	Jónína S. Sigurðardóttir	jonina.fml@rls.is	570 2600	897 6505
Ríkislögreglustjórnin - kennslanefnd	Bjarni Bogason	bjb@rls.is	570 2530	
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Atli Már Markússon	atli@landsbjorg.is	570 5900	699-0610
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Þorsteinn Þorkelsson	steini@landsbjorg.is	570 5900	899-9064
Slökkvilið Akureyrar - þjálfun á flugvöllum	Jóhann Þór Jónsson	johannj@akureyri.is	461 4200	899-1073
Slökkvilið Akureyrar - þjálfun á flugvöllum	Ingimar Eydal	ingimar@akureyri.is	461 4202	862-2173
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Jón F. Jóhannsson	jon.fridrik.johannsson@shs.is	570 2040	862-7272
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Árni Ómar Árnason	arnioa@mmedia.is	570 2040	896 6177

Lausnaraðilar

Biskupsstofa	Carlos Ferrer	carlos.ferrer@kirkjan.is	551-4231	692-0088
Flugfélag Íslands	Atle Vivas	atlev@flugfelag.is	570-3536	861-3880
Flugfélag Íslands	Árni Gunnarsson	arni@flugfelag.is	570-3601	899-6113
Flugmálastjórn - Flugvallarstjóri	Jón Baldvin Pálsson	jonb@caa.is	569-4100	898-0098
Flugmálastjórn - Vélaverkstæði	Bragi Pálmason	bragi@caa.is	569-4100	899-5801
Flugmálastjórn - Flugstjórn	Bergþór Bergþórsson	bergthor@caa.is	557-1922	897-9522
Landhelgisgæsla Íslands	Kristján Jónsson	skiph@lhg.is	545-2000	897-3680
Landhelgisgæsla Íslands	Hjalti Sæmundsson	hjalti@lhg.is	545 2011	
LSH	Brynjólfur Mogensen	brynmog@landspitali.is		
LSH	Guðbjörg Pálsdóttir	guggap@landspitali.is	542-2260	824-5283
Lögreglan Hafnarfirði	Egill Bjarnason	egill.bjarnason@tmd.is	525-3318	898-8420
Lögreglan í Reykjavík	Geir Jón Þórisson	geir.thorisson@lr.is	569-9184	898-7774
Lögreglan Reykjavík	Bogi Sigvaldason	bogi.sigvaldason@lr.is	444-1105	820-8914
Lögreglan Reykjavík	Jóhann Karl Þórisson	johann.karl.@lr.is	444-1105	895-0299
Lögreglan Reykjavík	Árni Friðleifsson	arni.fridleifsson@lr.is		843-1132
Lögreglan Reykjavík	Karl Steinar valsson	karlsteinar@lr.is	444-1111	843-1111
Lögreglan Reykjavík	Þorgrímur Guðmundsson	thorgrimur@lr.is	444-1131	843-1131
Lögreglan Reykjavík	Þróstur Eyvinds	throstur@lr.is	444-1310	843-1310
Lögreglan Reykjavík	Óskar Þór Sigurðsson	oskar@lr.is	444-1290	843-1290
Rauði krossinn - neyðarmiðstöð	Guðrún Jósafatsdóttir	mben@li.is	557-3119	892-9301
Rauði krossinn - neyðarmiðstöð	Svana H. Stefánsdóttir	svana@hi.is	551-5750	895-3350
Reykjavíkurbíó	Hallur Árnason	hallur@reykjavikurbio.is	525-8900	660-8920
Reykjavíkurbíó - vestur	Bára Friðriksdóttir	bara@hallgrimskirkja.is	510-1032	891 9628
Reykjavíkurbíó - eystra	Lilja Kristín Þorsteinsdóttir	lilja@breidholtskirkja.is	587 1500	662 1212
RKÍ - Bessastaðarhepp	Einar Axelsson	einar.r@simnet.is	565-0816	821-7119
RKÍ - Kópavogi	Guðmundur K. Einarsson	gke07@simnet.is	564-2597	863-2597
RKÍ - Reykjavíkurbíó	Viðar Ágústsson	vidara@islandia.is	553-9300	821-5966
RKÍ - Svæðisfulltrúi	Linda Ósk Sigurðardóttir	linda@redcross.is	565-2425	864-6750
RKÍ Hafnarfirði	Helgi Ívarsson	adgat@simnet.is	565-1222	897-0381
Slökkvilið höfuðborgarsvæðis	Jón Friðrik Jóhannsson	jon.fridrik.johannsson@shs.is	528-3000	862-7272
Slökkvilið höfuðborgarsvæðis, vegna áætlunar	Þorsteinn Karlsson	thorsteinn.karlsson@shs.is	570 2040	
Svæðisstjórn björgunarsveita sv.1	Jónas Guðmundsson	jonas@utivera.is	568-5686	896-7771
Svæðisstjórn björgunarsveita sv.1 - bjsv. Kyndill	Ingvar Þór Stefánsson	ingvar-kyndill@simnet.is	568-4252	843-6492
Svæðisstjórn björgunarsveita sv.1	Oddur E. Kristinsson	oddur@landsbjorg.is	570-5900	898-4041
Svæðisstjórn björgunarsveita sv. 1 / SL	Friðfinnur F. Guðmundsson	fridfinnur@landsbjorg.is	570 5900	
Hjálparveit skáta Reykjavík	Einar Daníelsson	einardan@velar.is	552 1002	899 8181
Hjálparveit skáta Reykjavík	Edda Björk	eddagunn@khi.is		
Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík	Pétur Kristjánsson	formadur@fbsr.is	587 2427	898 4388
Björgunarsveitin Kyndill - Mosfellsbæ	Ingvar Þór Stefánsson	ingvar-kyndill@simnet.is,	568 4252	893 6492
Björgunarsveitin Ársæll	Gylfi Sævarsson	gylfi26@simnet.is	588 2605	847 4846
Hjálparveit skáta Garðabæ	Helgi Jónsson	helgij@itr.is	567 8212	893 8212
Hjálparveit skáta Kópavogi	Agnes Þorvaldsdóttir	aot@mi.is		
Björgunarsveit Hafnarfjarðar	Július Þór Gunnarsson	julli@linuhonnun.is	555 0167	660 1566
Björgunarsveitin Kjölur	Henry A. Hálfansson	hry@hrv.is, hry@gemini.is	566-7912	898-7912
Íslandsflug (vegna SSL í skýli 1)	Ellert Eggertsson	ee@islandsflug.is	570 8030	
Íslandsflug (vegna SSL í skýli 1)	Viðar Hjartarson	vidar@islandsflug.is	570 8030	